

# ÁRSSKÝRSLA 2012

---



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA  
NORÐURLAND VESTRA

## Starfsmenn SSNV - HVAMMSTANGI



**Jón Óskar Pétursson**, framkvæmdastjóri  
Höfðabraut 6 - 530 Hvammstanga  
Sími: 455 2510  
Beinn sími: 455 2521  
Gsm: 861 7263  
Netfang: jon@ssnv.is



**Katharina Ruppel**, skrifstofu- og bókhaldsstörf  
Höfðabraut 6 - 530 Hvammstanga  
Sími: 455 2510  
Beinn sími: 455 2522  
Netfang: katharina@ssnv.is



**Gudrun Kloes**, atvinnuráðgjafi  
Höfðabraut 6 - 530 Hvammstanga  
Sími: 455 2515  
Gsm: 898 5154  
Netfang: gudrun@ssnv.is

## Starfsmenn SSNV - SAUÐÁRKRÓKUR



**Katrín María Andréadóttir**,  
verkefnisstjóri atvinnuþróunar  
Faxatorg 1 - 550 Sauðárkrókur  
Sími: 455 6119  
Gsm: 893 1363  
Netfang: kata@ssnv.is



**Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir**,  
verkefnisstjóri málefna fatlaðra  
Faxatorg 1 - 550 Sauðárkrókur  
Sími: 455 6060  
Beinn sími: 455 6066  
Gsm: 899 4166  
Netfang: gretasjofn@ssnv.is

## Starfsmenn SSNV - BLÖNDUÓS



**Stefán Haraldsson**, atvinnuráðgjafi  
Hnjúkabyggð 33 - 540 Blönduós  
Beinn sími: 455 4300  
GSM: 894 1669  
Netfang: stefan@ssnv.is



**Baldur Valgeirsson**, atvinnuráðgjafi  
Hnjúkabyggð 33 - 540 Blönduós  
Beinn sími: 455 4303  
GSM: 892 9101  
Netfang: baldur@ssnv.is

## Starfsmenn SSNV - SKAGASTRÖND



**Ingibergur Guðmundsson**,  
menningarfulltrúi /atvinnuþróun SSNV  
Einbúastíg 2 - 545 Skagaströnd  
Beinn sími: 452 2901  
GSM: 892 3080  
Netfang: menning@ssnv.is

## Efnisyfirlit

|    |                                                               |
|----|---------------------------------------------------------------|
| 5  | Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra                     |
| 8  | SSNV - Atvinnuþróun                                           |
| 11 | Byggðasamlag um málefni fatlaðra<br>Norðurlandi vestra        |
| 25 | Menningarráð Norðurlands vestra                               |
| 42 | Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits<br>Norðurlands vestra 2012 |

## Ársreikningar 2012

|     |                                              |
|-----|----------------------------------------------|
| 49  | Samtök sveitarfélaga á<br>Norðurlandi vestra |
| 59  | SSNV - Atvinnuþróun                          |
| 69  | SSNV - Málefni fatlaðra                      |
| 81  | Heilbrigðiseftirlit<br>Norðurlands vestra    |
| 93  | Vaxtarsamningur<br>Norðurlands vestra        |
| 101 | Menningarráð<br>Norðurlands vestra           |



Stjórn SSNV. Frá vinstri. Bjarni Jónsson, Póra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir

### Stjórn SSNV

Bjarni Jónsson  
Póra Sverrisdóttir  
Ágúst Þór Bragason  
Leó Örn Þorleifsson  
Hanna Þrúður Þórðardóttir

Formaður  
Varaformaður  
Meðstjórnandi  
Meðstjórnandi  
Meðstjórnandi

Sv.fél. Skagafjörður  
Húnavatnshreppur  
Blönduósbær  
Húnaþing vestra  
Sv.fél. Skagafjörður

### Varastjórn

Stefán Vagn Stefánsson  
Péturína Jakobsdóttir  
Vignir Sveinsson  
Elín R. Línal  
Hrefna Gerður Björnsdóttir

Sv.fél. Skagafjörður  
Sv.fél. Skagatrönd  
Skagabyggð  
Húnaþing vestra  
Sv.fél. Skagafjörður



## Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga í umsjón verkefna hefur farið vaxandi ár frá ári. Verkefni SSNV snúa að daglegum rekstri, starfsemi atvinnuþróunar, málefnum fatlaðra og menningarverkefnum, jafnframt framkvæmd samninga varðandi almenningssamgöngur, Markaðsskrifstofu Norðurlands, vaxtarsamning ofl. ásamt almennri hagsmunagæslu fyrir svæðið, líkt og kveðið er á um í samþykktum.

SSNV annast einnig bókhald og launaumsjón fyrir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Landshlutasamtök sveitarfélaga á Íslandi eru átta talsins. Þau starfa í Eyjafirði og Þingeyjar-sýslum (Eyþing), Austurlandi (Austurbrú), Suðurlandi, Höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfirðum að ógleymdum Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Starfssvæði SSNV nær frá Bæjarhreppi í Strandasýslu, sem nú tilheyrir Húnaþingi vestra, að Siglufirði og telur sjö sveitarfélög í Húnavatnssýslum og Skagafirði. Þau eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósþær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur. Íbúar á svæðinu voru, samkvæmt Hagstofu Íslands, 7.299 talsins, þann 1. desember 2012.

## Almenningssamgöngur

Gerðir voru samningar við landshlutasamtök sveitarfélaga um landið varðandi framkvæmd almenningssamgangna á árinu 2011. SSNV hefur umsjón með leið 57 og tengdum leiðum, ásamt Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Eyþingi. Þar er um að ræða akstur um þjóðveg 1 Reykjavík-Akureyri-Reykjavík, með tengingum m.a. við Hvamms-tanga og Skagaströnd, líkt og tíðkaðist í fyrri þjónustuframboði. Með stuðningi ríkisins er einnig áformað að þróa þjónustuna frekar. Landshlutasamtökin gerðu þjónustusamning við Strætó bs. um þjónustu varðandi ráðgjöf, útboð og útfærslu aksturs og þjónustu við farþega og hefur m.a. af þeim sökum verið hægt að nýta sömu farmiða um land allt þó þjónustan sé í raun á hendi óskyldra aðila. Farþegafjöldi hefur farið vaxandi frá upphafi og almenn ánægja hefur verið með þjónustuna þó vissulega megi sífellt gera betur og líta beri á fyrstu mánuði verkefnisins sem reynslutíma.

## Sóknaráætlun landshluta

Vinna við gerð sóknaráætlunar landshluta hélt áfram á árinu 2012 og í upphafi árs 2013 hófust fyrstu verkefni á Norðurlandi vestra á vettvangi hennar. Formaður og framkvæmdastjóri áttu sæti í samráðshópi stýrinets stjórnarráðsins og landshlutasamtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með sóknaráætlunum landshluta er ætlunin að innleiða vinnulag sem byggir á forgangsörðun verkefna og forræði heimafélks í héraði varðandi þau mál sem brýnust eru á hverjum stað, hverju sinni. Ekki liggur fyrir endanleg úrfærsla varðandi sóknaráætlanir landshluta en vænta má þess að framhald verði á samskiptum ríkis og sveitarfélaga með sambærilegum hætti og hafin voru með áætlunum. Augljóslega felst í því mikið hagræði og valddreifing að gera einn samning við hvern landshluta um margvísleg verkefni, þar sem áður voru margir samningar með tilheyrandi skrifinnsku og óskilvirkni. Ánægja hefur verið með samstarf og vettvang sóknaráætlunar og þau verkefni sem hlotið hafa stuðning undir þeim formerkjum.

## 20. ársþing SSNV

20. ársþing SSNV var haldið 12. – 13. október á Skagaströnd. Framhaldsársþing var haldið á sama stað þann 27. nóvember. Þingið sóttu um 50 sveitarstjórnarmenn af Norðurlandi vestra og gestir. Á þinginu fór fram umræða um nýtt hlutverk landshlutasamtaka og svæðasamvinnu sveitarfélaga í opinberri stefnumótun og forgangsörðun. Meðal frummælenda voru Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta og Hermann Sæmundsson verkefnisstjóri í Innanríkisráðuneytinu. Umræður urðu á þinginu um fjölmörg málefni er snúa að hagsmunamálum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra. Á ársþinginu voru samþykktar fjölmargar ályktanir er snerta hagsmuni svæðisins og marka þær stefnu í starfi landshlutasamtakanna til lengri og skemmri tíma.

## Landshlutasamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga

Sem fyrr er gott samstarf milli landshlutasamtaka sveitarfélaganna. Haldnir eru reglubundnir fundir í tengslum við ársþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu að vanda sameiginlega viðburði á vettvangi landshlutasamtaka og landshlutasamtökin í Norðvesturkjördæmi héldu sameiginlegt boð sveitarstjórnarmanna úr kjördæminu í tengslum við Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í október. Gott samstarf er við Samband íslenskra sveitarfélaga, m.a. við lögfræðisvið í umsagnarvinnu um frumvörp. Þá hefur fæst í vöxt að landshlutasamtökin skipuleggi margvíslega kynningarfundir á vegum Sambandsins úti um land og leiti aðstoðar við framkvæmd og útfærslu hinna ýmsu verkefna.



Líf og fjör í Laxasetri Íslands á Hunavöku

## Að lokum

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru í starfsemi SSVN á árinu. Ótaldir eru fjöldi smærri viðburða og funda sem framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn hafa sótt. Sífelld fer vaxandi sú krafa að stjórn og starfsfólk taki þátt í samstarfsverkefnum út fyrir landshlutann. Það hefur í för með sér að sýnileiki innan landshlutans minnkar að einhverju leiti.

Hlutverk SSVN og annarra landshlutasamtaka hefur tekið miklum miklum breytingum undanfarin ár og mikill vilji virðist vera til staðar, bæði að hálfu alþingismanna, stjórnarráðsins og sveitarstjórnarmanna, til eflingar þeirra. Aukið hlutverk landshlutasamtaka hefur fyrst og fremst haft í för með sér að framkvæmd sífelld fleiri verkefna hefur færst inná svæðisbundinn vettvang sveitarfélaga. Hér er um að ræða bæði ólögbundin verkefni og ekki síður lögbundin. Þessum breytingum fylgja miklar áskoranir fyrir sveitarstjórnarmenn í endurskipulagningu og þróun stjórnkerfis sameiginlegs vettvangs sveitarstjórna þar sem taka verður tillit til m.a. lýðræðis-legra sjónarmiða. Þessi umræða er holl og meta þarf kosti og galla þessa fyrirkomulags í samanburði við aðra útfærslu á verkefnum og samstarfi sveitarfélaga. Ekki er skynsamlegt að þriðja stjórnsýslustigið verði þróað án þess að um það sé tekin meðvituð ákvörðun. Á Norðurlandi vestra hefur samstarf sveitarfélaga gengið vel. Árið 2012 var annasamt og viðburðaríkt. Vert er að þakka öllum þeim sem þátt hafa tekið í samstarfi og verkefnum SSVN á starfsárinu og óska þess að farsæld og velgengni fylgi sveitarfélögum og íbúum á Norðurlandi vestra til framtíðar.

## SSNV atvinnuþróun

Verkefni SSNV atvinnuþróunar voru að vanda margvísleg og fjölbreytt á árinu 2012. Ekki verður þó hjá því komist að nefna að sífellt fer meiri tími hjá starfsmönnum í að annast fastmótuð og samningsbundin verkefni og minna svigrúm gefst þar af leiðandi til að vinna með frumkvöðlum á vettvangi.


Lögd er áhersla á að hvetja til samstarfs um ýmis verkefni og hefur samvinna á svæðinu aukist á ýmsum sviðum. Ánægjulegt er líka að sjá hversu sýnileiki fyrirtækja og starfsemi hefur aukist með jákvæðum hætti og má þar t.d. nefna fyrirtækjadaginn sem haldinn var í tengslum við Húnavöku og atvinnulífssýninguna í Skagafirði sem haldinn var öðru sinni vorið 2012.

Sem fyrr óska flestir þjónustu SSNV atvinnuráðgjafar sem starfa á sviði veitinga- og ferðaþjónustu og menningar en fjölbreytt verkefni á sviði iðnaðar, framleiðslu, landbúnaðar og þjónustu eru einnig til umfjöllunar hjá SSNV atvinnuráðgjöf í viku hverri.

SSNV atvinnuþróun hefur jafnan átt gott samstarf við Byggðastofnun og önnur atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök í landinu, auk þess sem samstarf hefur verið við aðra aðila innan lands og utan, allt eftir efnum og ástæðum hverju sinni.

Lögd er áhersla á að atvinnuráðgjöfin veiti góða þjónustu í nærumhverfi og árlega er gerð þjónustukönnun sem ætlað er að fylgjast með viðhorfum þeirra sem þjónustunnar njóta í því skyni að breyta og bæta.

Verkefni 2012 (%)



## Erlent samstarf og IPA umsóknir

Undir lok árs var unnið að samstarfsverkefni við Færeyjar varðandi atvinnusköpun í dreifbýli og fékkst myndarlegur styrkur til þess verkefnis frá Nordregio. Nordregio er norræn fræðastofnun í Stokkhólmi sem starfar að skipulags- og byggðamálum á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og mál tengdum Eystrasaltsríkjunum, hefur farið vaxandi undanfarin ár. Verkefnið kom að fullu til framkvæmda á árinu 2013 og er því að ljúka um þær mundir sem þessi skýrsla er rituð. Á árinu 2012 rann sitt skeið verkefni sem SSNV hefur tekið þátt í ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Byggðastofnun, Rannsóknarsetri verslunarinnar og fleirum og varðaði verslun og þjónustu í dreifbýli. Verkefnið var unnið á vettvangi Norðurslóðaáætlunarinnar og þótti hafa tekist vel. Vænta má þess að hlutar þess muni nýtast áfram að loknu verkefnistímabilinu.

Á árinu 2012 ákváðu íslensk stjórnvöld að auglýsa eftir umsóknum um svonefnda IPA styrki sem standa til boða þeim ríkjum sem eru í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Eftir nokkra skoðun á málinu var ákveðið að SSNV myndi taka þátt í vinnu við IPA umsóknir en markmið með þeirri vinnu væru eftirfarandi:

- Að auka þekkingu starfsmanna og þátttakenda í umsóknum á viðkomandi mállefni og starfsumhverfi innanlands og innan Evrópu.
- Að styrkja samstarf um áherslumállefni innan og utan landshlutans
- Að fyrir lægju gagnlegar upplýsingar og mótuð verkefni að umsóknarferli loknu sem nýtast mættu óháð því hvort styrkir fengjast vegna verkefnanna.

SSNV atvinnuþróun tók þátt í vinnu við umsóknir um fjögur verkefni. Þau voru: Flugklasinn Air 66°N, þar sem aðalumsækjandi var Markaðsstofa Norðurlands, Matarsmiðja þar sem aðalumsækjandi var Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Vatnaverkefni en aðalumsækjandi þar var Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og loks var SSNV aðalumsækjandi í verkefni varðandi mállefni ungs fólks. Allar umsóknirnar fjórar komust í gegnum fyrsta síunarferli og umsókn um vatnaverkefnið og umsókn SSNV náðu í flokk þeirra er boðið skyldi til samninga um framkvæmd verkefnisins. Þó hlé hafi verið gert á viðræðum við Evrópusambandið og ekki komi til beinna fjárframlaga vegna verkefnanna að sinni, stendur eftir að SSNV hefur nú í höndum upplýsingar, greiningargögn, tengingar við samstarfsaðila og fullmótuð verkefni sem nýta má með fjölbreytilegum hætti í framtíðinni. Í fámennum starfsmannahópi SSNV hlýtur það að teljast mjög til tekna að hafa náð þeim árangri að koma verkefnum í fremstu röð, sem metin hafa verið af sérfræðingum innan lands og utan. Það er reynsla og uppbygging á þekkingu sem vafalaust mun nýtast í framtíðinni. Ekki verður fjallað svo um ungmennaverkefni SSNV án þess að geta þess veglega stuðnings sem Sveitarfélagið Skagafjörður veitti SSNV atvinnuþróun við útfærslu verkþátta og ritun umsóknar. Sveitarfélagið lánaði starfsmann sinn, frístundastjóra, til þriggja mánaða og veitti viðkomandi síðan leyfi til starfa fyrir SSNV í aðra sex mánuði. Sá tími var vel nýttur og var m.a. undirbúin rannsókn á lífsháttum ungmenna á öllu svæðinu og önnur verkefni sem koma til framkvæmda á árinu 2013 og síðar.





Myndverk á sýningu í Nes listamiðstöð

## Dagur atvinnulífsins og Hvatningarverðlaun SSNV

SSNV atvinnuþróun gekkst fyrir hinum árlega Degi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra. Sú venja hefur skapast að sá viðburður sé haldinn til skiptis í sýslunum þremur á svæðinu. Að þessu sinni fór dagskráin fram í Austur-Húnavatnssýslu. Á Degi atvinnulífsins er komin hefð fyrir því að kynna áhugaverð og framsækin fyrirtæki í héraði sem hljóta tilnefningu til Hvatn-ingarverðlauna SSNV. Hvatningarverðlaun SSNV árið 2012 hlaut Sjávarlíftækni-fyrirtækið BioPol á Skagaströnd.

## Að lokum

Atvinnuráðgjafar SSNV unnu alls að 109 ólíkum verkefnum á árinu 2012, að ósk sveitarfélaga, einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi vestra, fyrir utan þau verkefni sem unnin voru og flokkast sem innra starf SSNV. Verkefnin eru fjölbreytt og spanna allt svæðið frá hálendi og út á sjó og eyjar í orðsins fyllstu merkingu. Reynslan hefur sýnt að náið samstarf með frumkvöðlum yfir lengri tímabil virðist gefa góða raun og ætla má að til framtíðar verði vaxandi áhersla lögð á handleiðslu til lengri tíma en minni áhersla á smáa styrki og skammtíma verkefni. Í flóknu stoðkerfi atvinnulífsins er töluvert framboð á alls kyns smærri styrkjum og ýmiss konar ráðgjöf og jafnvel boðnar töfralausnir eins og á heilsuvörumarkaði. Mikil vöntun er á að frumkvöðlar geti sótt í sjóði til kaupa á búnaði og uppbyggingar á aðstöðu líkt og unnt er víða að gera í nágrennalöndunum. Vonandi verða breytingar í þá veru héraðs á næstu árum. Ný nálgun á þeim vettvangi gæti skipt sköpum fyrir marga frumkvöðla sem eru að taka sín fyrstu skref í rekstri og þróun vöru og þjónustu.

Það er einstaklega áhugavert, lærdómsríkt og gefandi að taka þátt í vinnu við framkvæmd hugmynda og margvísleg viðfangsefni viðskiptavina SSNV atvinnuþróunar. Öllum þeim sem áttu samleið með SSNV atvinnuþróun á starfsárinu er vert að þakka fyrir ánægjuleg samskipti og samstarf með ósk um gott gengi.

## Byggðasamlag um málefni fatlaðra - Norðurlandi vestra

Ágæti lesandi,

Hér gefur á að líta ársskýrslu byggðasamlags um málefni fatlaðra, fyrir árið 2012. Skýrslan gefur yfirlit yfir skipulag og starfsemi á þjónustusvæðinu. Helstu verkefnum og tölulegum upplýsingum innan hvers málavíðs eru gerð skil og er það von mín að skýrslan gefi glögga sýn á fjölbreytt verkefni málaflokksins.

Starfsemin á árinu var með nokkuð hefðbundnum hætti en markast þó af því að 1. janúar 2011 færðist þjónusta við fatlað fólk formlega frá ríki til sveitarfélaga, samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum. Breyttist þá starfsumhverfi SSVN málefna fatlaðra en við tók fjárhagsleg ábyrgð á framkvæmd og skipulagi þjónustunnar í stað þjónustusamnings við ríkið sem staðið hafði frá 1. apríl 1999.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk var samið um að þau sveitarfélög sem ekki uppfylla 8.000 íbúa lágmark skyldu mynda þjónustusvæði um rekstur þjónustu við fatlað fólk sem að lágmarki telja 8.000 íbúa. Ákveðið var að hálfu aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins að halda áfram með samstarf á forsendum dreifðrar ábyrgðar og þjónustu. Í aðdraganda yfirfærslunnar var auk þess samþykkt að stækka starfssvæði byggðasamlagsins með þátttöku Dalvíkurbyggðar og Bæjarhrepps, auk þess sem fyrra starfssvæði stækkaði til Ólafsfjarðar. Þann 1. desember 2012 var íbúafjöldi á starfssvæði byggðasamlagsins samkvæmt Hagstofu Íslands 11.234.

Á starfssvæði byggðasamlagsins eru fjögur þjónustusvæði:

- Húnaþing vestra
- Blönduósþétt, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd
- Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
- Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð

Undirritaður var þjónustusamningur sveitarfélaga um málefni fatlaðra þann 1. apríl 2011 og rammar hann inn samstarf, þjónustu, fjármál, markmið og framtíðarsýn.

Starfsmenn sem koma að þjónustunni eru um 80. Heildarkostnaður þjónustunnar er um 477 m.kr. þar af voru fjárfestingarframlög og styrkir um 6 m.kr.

Þjónustuúrræði vegna búsetu, hæfingar og atvinnumála hédust nánast óbreytt milli ára en aukið var við stoðþjónustu við börn og ungmenni með opnun nýrrar skammtímvistunar í Dalvík.

Ég vil að lokum þakka samstarfsaðilum, sveitarfélögum og starfsmönnum þeirra fyrir árangursríkt og farsælt samstarf og þeirra þátt í uppbyggingu og þróun þjónustunnar og stjórn og framkvæmdastjóra fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

*Með kveðju,*

*Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri*



## Hlutverk og markmið

Meginmarkmið samstarfsins er að samþætta þjónustu við fatlað fólk í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila; færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Þetta er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og aukin þjónustugæði að leiðarljósi.

## Starfssvæði

Í byggðasamlaginu eru eftirtalin sveitarfélög: Akrahreppur, Blönduósþéttbær, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd. Um starfsemi byggðasamlagsins gilda ákvæði 1.-85.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

## Starfsmenn

Hjá byggðasamlaginu starfar einn starfsmaður, verkefnisstjóri og vinnur eftir erindisbréfi frá stjórn. Starf verkefnisstjóra er fjölþætt en skipta má því í þrjá meginþætti: umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings, leiðbeiningar um framkvæmd þjónustunnar og skýrslugerð vegna starfseminnar. Aðsetur verkefnisstjóra er á Faxatorgi 1, Sauðárkróki. Aðrir starfsmenn eru ráðnir af sveitarfélögunum og fara þau með allar stjórnunarheimildir gagnvart þeim.

## Þjónustuhópur

Þjónustuhópur er faglegur ráðgjafarhópur um málefni fatlaðs fólks og starfar eftir erindisbréfi frá stjórn byggðasamlagsins. Í þjónustuhópnum eiga sæti félagsmálastjórar á starfssvæðinu, framkvæmdastjóri SSNV og verkefnisstjóri. Hlutverk þjónustuhóps er að vera stjórn til ráðgjafar og upplýsinga hvað varðar málefni fatlaðra ásamt því að gera tillögur um uppbyggingu og þróun þjónustunnar á starfssvæði byggðasamlagsins. Þjónustuhópur fundaði 17 sinnum á árinu. Í tengslum við fundina er farið í vettvangsferðir á þjónustusvæðunum. Allar fundargerðir þjónustuhóps eru birtar á vef SSNV. [www.ssnv.is](http://www.ssnv.is).

## Stjórn byggðasamlagsins

Verkefnisstjóri fundar með stjórn. Þar eru fundargerðir þjónustuhóps lagðar fram, kynntar og staðfestar. Ákvarðanir teknar um stefnu og markmið í þjónustu ásamt umræðu og ákvörðunum um fjármál og rekstur. Stjórn fundaði fjórum sinnum með verkefnisstjóra á árinu.





Frá vinstri: Jón Óskar Pétursson, Gunnar M. Sandholt, Eyrún Rafnsdóttir, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Auður H. Sigurðardóttir, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir og Hjörtur Hjartarson

## Félagsmálastjórar

Framkvæmd þjónustunnar er í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna.

### Austur Húnavatnssýsla

Auður Herdís Sigurðardóttir

### Húnaþing vestra

Eydís Aðalbjörnsdóttir

### Dalvíkurbyggð

Eyrún Rafnsdóttir

### Skagafjörður

Gunnar M. Sandholt

### Fjallabyggð

Hjörtur Hjartarson

## Starfsemin - Fjöldi þjónustuþega

Þeir sem sækja þjónustu til félagsþjónustu þjónustusvæða Byggðasamlagsins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þurfa að vera metnir til örorku til lengri eða skemmri tíma. Á skrá hjá þjónustusvæðunum eru um 150 einstaklingar með fötlun sem notið hafa og njóta þjónustu af einu eða öðru tagi eða 1.3% af íbúafjölda en þar búa 3.5% landsmanna. Verulegur hluti þessa hóps eða um 120 - 130 manns fær reglulega þjónustu. Meginþungi í starfseminni, bæði hvað varðar fjármagn og fjölda starfsmanna, felst í starfrækslu heimila þar sem fatlað fólk býr og nýtur daglegar þjónustu, sem og starfsþjálfunar- og hæfingarstöðva og skammtímavistunar.

## Fjármál

Sameiginleg fjárhagsáætlun allra þjónustusvæða er unnin af þjónustuhópi og samþykkt af stjórn. Áætlun ársins var unnin undir nokkurri óvissu vegna yfirfærslunnar. Fjárhagsrammi vegna yfirfærslunnar, gerði ráð fyrir að 10,7 milljarðar króna færdust til sveitarfélaganna frá ríkinu. Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga var sveitarfélögum heimiluð 1,2% útsvarshækkun vegna yfirfærslunnar gegn samsvarandi lækkun tekjuskattaprósentu. Þá var gert ráð fyrir sérstökum framlögum af fjárlögum til þess að mæta veikum útsvarsstofnum og einnig gert ráð fyrir aukaframlögum til sérstakrar aukadeildar jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða.


Tekjur byggðasamlagsins til þjónustunnar voru áætlaðar 500.7 m.kr. Framlög Jöfnunarsjóðs voru 432.4 m.kr. og framlög sveitarfélaga voru 75.9 m.kr. Fáhagsáætlun gerði ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 476.1 m.kr. Rekstaráætlun sveitarfélaga/ þjónustusvæða var 451 m.kr., niðurstaða rekstrar var 460 m.kr. eða 2% umfram áætlun.

## Ársreikningur

Eins og fram kemur í ársreikningi var niðurstaða ársins neikvæð um samtals 4.7. m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Við gerð ársreikninga sveitarfélaga er rekstrarniðurstaða þjónustusvæða liðins árs metin og uppgjör gert samkvæmt samþykkt stjórnar.

## Kostnaðarskipting meginþátta starfseminnar

Eftirtaldir þættir valda meginhluta útgjalda í % talið



Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliðurinn. Að meðaltali eru laun 90% af heildarrekstarkostnaði og er það fjórum prósentustigum lægra hlutfall en undangengin ár og munar þar um beingreiðslusamninga og NPA.

## Þjónustusvæði - Verkefni

### Dalvíkurbyggð

**Ráðgjöf - félagsþjónustan**, Ráðhúsið, Dalvík.

Stöðugildi 1, þjónusta við fullorðna, börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

**Skammtíðavistun**, Skógarhólum 23a, Dalvík.

Þjónar öllu starfsvæði byggðasamlagsins með áherslu á Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð.

Stöðugildi eru 5,4. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins. Fjöldi einstaklinga í dvöl á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólahringa á árinu voru samtals 114 og fjöldi þjónustudaga 146.

Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu voru 10.

### Fjallabyggð

**Ráðgjöf - félagsþjónustan**, Ráðhúsið, Siglufirði.

Stöðugildi 1, þjónusta við fullorðna, börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Stöðugildi 1, atvinna með stuðningi.

**Sólahrings búsetuþjónusta**, Lindargötu 2, Siglufirði

Sambýli, leigjendur eru 5 stöðugildi eru 8. Húseignin er í eigu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

**Iðja**, Aðalgötu 7b, Siglufirði

Notendur eru 19, stöðugildi starfsmanna eru 2.7. Húseignin er í leiguhúsnæði.

**Þjónustuíbúð**, Lindargötu 2. Siglufirði.

Stúdíóíbúð, einn leigjandi. Þjónusta veitt frá sambýli. Húseignin er í eigu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

**Þjónustuíbúð**, Hvanneyrarbraut 42. Siglufirði.

Húseignin er í eigu Sveitarfélagsins.

### Skagafjörður

**Ráðgjöf - fjölskylduþjónustan**, Ráðhúsinu Sauðárkróki.

Stöðugildi 0,5 þjónusta við börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Stöðugildi 0,5 þjónusta við fullorðna og aðstandendur.

Stöðugildi 0,75, atvinna með stuðningi.

**Sólahrings búsetuþjónusta**, Fellstúni 19, Sauðárkróki.

Sambýli, leigjendur eru 6 stöðugildi eru 8,5. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

**Íbúðakjarni / þjónustuíbúðir**, Kleifatún 17 – 25, Sauðárkróki.

Fimm íbúðir í tveimur húsum með starfsmannaaðstöðu. Sólhringsþjónusta, leigjendur eru 5. Stöðugildi eru 6,10. Húsnæðið er leiguhúsnæði í eigu Húsbyggingasjóðs Proskahjálpar.

**Þjónustuíbúðir**, Freyjugötu 18, Sauðárkróki.

Fjórar einstaklingsleiguíbúðir, kvöld og helgarþjónusta.

Húsnæðið er í eigu sveitarfélagsins.

**Iðja**, Aðalgötu 21, Sauðárkróki.

Notendur eru 15, stöðugildi starfsmanna eru 4.5. Húseignin er í leiguhúsnæði.

**Skammtímvistun**, Grundarstíg 22, Sauðárkróki.

Þjónar öllu starfsvæði byggðasamlagsins, með áherslu á Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Stöðugildi eru 5,2. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins. Fjöldi einstaklinga í dvöl á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólahringa á árinu voru samtals 964 og fjöldi þjónustudaga 353. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu voru 12, þar af voru 3 fullorðnir.

#### Félags- og skólaþjónusta Austur Húnavatnssýslu

**Ráðgjöf – félags- og skólaþjónustan**, Flúðabakka 2 Blönduósi.

Stöðugildi 0,5, þjónusta við fullorðna, börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

**Sólhrings búsetuþjónusta**, Skúlabraut 22, Blönduósi.

Sambýli, leigjendur eru 4, stöðugildi eru 7. Húseignin er í eigu byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Austur Húnavatnssýslu.

**Iðja**, Sunnubraut 4, Blönduósi.

Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna eru 1. Húseignin er í leiguhúsnæði.

#### Húnaþing vestra

**Ráðgjöf - félagsþjónustan**, Ráðhúsinu Hvammstanga.

Stöðugildi 0.5 þjónusta við börn og fullorðna, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

**Íbúðakjarni / þjónustuíbúðir**, sólhrings búsetuþjónusta, Grundartúni 10 – 12, Hvammstanga.

Fjórar einstaklingsíbúðir og ein stúdíó íbúð með sólhringsþjónustu, leigjendur eru 5 stöðugildi eru 6. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

**Iðja**, Brekkugötu 14, Hvammstanga.

Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna er 1. Húseignin er í leiguhúsnæði.

## Samstarfsaðilar

Mikilvægir samstarfsaðilar í heimabyggð utan starfsstöðva sveitarfélaga eru Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn við Tröllaskaga, Farskólinn, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Heilbrigðisstofnanir. Þétt samvinna er við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra varðandi þá nemendur sem hafa metna þörf fyrir þjónustu á heimavist skólans. Framhaldsskólarnir bjóða m.a. upp á nám á starfsbraut sem er ein forsenda þess að tryggja aðgengi allra að námi eftir grunnskóla og styrkir möguleika til atvinnupátttöku að námi loknu. Samstarf við Farskólann byggir á námskeiðum í tengslum við Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Samstarf við Heilbrigðisstofnanir byggist fyrst og fremst á teymisvinnu varðandi einstaklingsbundna þjónustu en er vissulega vettvangur til að tryggja yfirsýn yfir þjónustuúrræði, gæta samræmingar og markvissra vinnubragða. Fyrirtæki og stofnanir á svæðinu eru einnig mikilvægir samstarfsaðilar þegar kemur að atvinnu- málum fatlaðra. Á svæðinu eru ekki verndaðir vinnustaðir, markmiðið er að styðja fatlaða til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

## Ný verkefni – breytt þjónusta

Ný Skammtíamavistun var formlega tekin í notkun á Dalvík 30. ágúst. Starfsemin er ný af nál- inni í Dalvíkurbyggð og því stigið stórt framfaraspor í þjónustu í málefnum fatlaðra í sveitar- félaginu. Heimilið kemur til með að þjónusta börn af starfssvæði byggðasamlagsins en aðal- lega verða þar einstaklingar úr Dalvíkur- og Fjallabyggð. Metin var þörf fyrir aukna stoðþjón- ustu til fjölskyldna fatlaðra barna og ungmenna og eru tíu börn nú þegar komin ný í þjónustu. Ákveðið var að taka þátt í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem er nýtt verkefni á landsvísi með tilvísun í lög um málefni fatlaðs fólks, um er að ræða tveggja ára verkefni 2012 og 2013, sem hófst 1. júní 2012. Ráðgert er að NPA verði til framtíðar eitt meginform þjónustu við fatlað fólk. Auglýst var eftir umsækjendum til þátttöku, gerðir voru fimm samningar á árinu. Samtals var kostnaður við verkefnið 4.8 m.kr. Byggðasamlagið sótti um styrk til Jöfnunarsjóðs vegna þessa verkefnis og fékk úthlutað 1 m.kr. Á yfirstandandi ári hefur þjónustuhópur unnið tíu verklagsreglur sem sendar voru í umsagnar- ferli hjá sveitarfélaginu, þær voru tilbúnar til afgreiðslu og undirritunar í desember. Reglurnar voru unnar út frá breyttum lögum og reglugerðum og eiga að auðvelda samstarf, skýra ábyrgð og jafna aðgengi að þjónustu.

## Tengd verkefni

Lengd viðvera fatlaðra grunn- framhaldsskólanema er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Byggðasamlagið fékk 6.7 m.kr. til úthlutunar sem er greiðslupátttaka ríkisins. Sveitarfélög sem buðu upp á lengda viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. – 10. bekk og framhaldsskóla gátu óskað eftir greiðslupátttöku ríkisins til byggðasamlagsins. Umsóknir bárust frá öllum aðildar- sveitarfélögum byggðasamlagsins, alls vegna 19 nemenda á vorönn og 24 nemenda á haust- önn. Allar umsóknir voru samþykktar og var greiðslupátttaka ríkisins 5.6 m.kr. sem er 50% af heildarkostnaði sveitarfélaga við að veita þjónustuna.

## Helstu verkefni

### Ráðgjöf

Félagsþjónusta sveitarfélaga hlutast til um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðum og aðstandendum þeirra, stuðlar að því að veitt sé félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðum þjónustu.

Leiðarljós við uppbyggingu þjónustu við börn og fullorðna innan sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að koma á sveigjanlegu og skilvirku skipulagi og persónulegri þjónustu innan félags-skóla- og frístundaþjónustu. Þjónustan sé veitt innan heimils, í skóla, vinnu eða frístundum.

Ráðgjöfin sé skilvirk og á ábyrgð fárra aðila, sérfræðipækking fjölþætt og áhersla lögð á þverfagleg vinnubrögð. Veitt er ráðgjöf eftir þörfum til stofnana sem veita fötluðum þjónustu og skipulögð er þátttaka í ráðgjafateyrum.

Þjónusta þessi er skipulögð á hverju þjónustusvæði fyrir sig miðað við aðstæður.

### Þjónusta við börn 0 – 17 ára og fjölskyldur þeirra

Lög um málefni fatlaðra kveða á um ýmis konar sértæka þjónustu til handa fötluðum börnum og foreldrum þeirra til viðbótar almennri félags- fræðslu- og heilbrigðisþjónustu. Meginþættir þjónustunnar eru skammtí mavistun og þjónusta stuðningsfjölskyldna en auk þess er í boði ráðgjöf og leiðbeiningar, meðal annars varðandi félagsleg réttindamál.

Foreldrar barna sem búa við frávík í proska eða fötlun eiga rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins ( TR ) vegna umönnunar barna sinna. Svonefndar umönnunargreiðslur eru fjárhagsleg aðstoð, beinar skattfrjálssar greiðslur, til foreldra barna sem glíma við fötlun, alvarlega þroska- eða hegðunarröskun eða langvinn veikindi og kostnaður vegna þess er umtalsverður. Félagsþjónustan tekur þátt í að meta aðstæður og gera tillögur til TR í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi. Greiningarstöð ríkisins hefur breytt verklagi sínu þannig að starfsmenn hennar afgreiða nú margar tilvísanir er varða fötluð börn á þann hátt að þeir staðfesta þá frumgreiningu sem liggur fyrir. Við þessa staðfestingu öðlast foreldrar strax rétt á umönnunarmati út frá fötlun og þurfa ekki að bíða eftir frekari mati frá Greiningarstöðinni. Börn með umönnunarbætur í 1. 2. og 3. flokki samkvæmt mati Tryggingastofnunar ríkisins eru 51.

#### Fjöldi fatlaðra barna með umönnunarbætur skv. mati TR

| Umönnunarflokkar      | 1        | 2         | 3         | Alls      |
|-----------------------|----------|-----------|-----------|-----------|
| Húnaþing vestra       |          | 4         | 2         | 6         |
| Austur Húnavatnssýsla |          | 3         | 4         | 7         |
| Svf. Skagafjörður     | 2        | 6         | 3         | 11        |
| Fjallabyggð           |          | 3         | 9         | 12        |
| Dalvíkurbyggð         |          | 10        | 5         | 15        |
| <b>SAMTALS</b>        | <b>2</b> | <b>26</b> | <b>23</b> | <b>51</b> |





## Stuðningsfjölskyldur

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar.

Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjá sólahringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánu samstarfi við foreldra. Á árinu 2012 voru 19 börn með stuðningsfjölskyldu, samtals 536 sólahringa á ári.

## Skammtímavistun Grundarstíg 22, Sauðárkróki og Skógarstíg 23a Dalvík.

Skammtímavistun fatlaðs fólks er stoðþjónusta og þjónar öllu starfsvæði byggðasamlagsins, en reksturinn er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Dalvíkurbyggðar. Þjónusta skammtímavistunar er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Sama gildir um ungmenni og fatlað fólk sem býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja lengur. Sækja þarf um þjónustuna og fá gestir úthlutað ákveðnum dögum. Einnig er boðið upp á neyðarvistun en um þá þjónustu er hægt að sækja ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldum. Meðan á dvöl stendur sinna gestir vinnu, skóla eða hæfingu eftir því sem við á. Starfsmenn félagsþjónustu, annast umsóknir um skammtímavistun og veita foreldrum og aðstandendum barna / fullorðinna í skammtímavistun ráðgjöf og stuðning ef með þarf. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4.

Skammtímavistanir veittu alls 22 einstaklingum þjónustu á árinu: 19 voru yngri en 18 ára en þrír fullorðnir. Fjöldi dvalarsólahringa á árinu voru samtals 1.078 og fjöldi þjónustudaga 499.





Vinnustund

## Fullorðnir og fjölskyldur þeirra

### Þjónusta vegna hæfingar, starfsþjálfunar og atvinnu

Þjónusta vegna atvinnu og hæfingar snýr annars vegar að fólki sem hefur verulega skerta starfshæfni og er í hæfingu eða dagvist og hins vegar að fólki sem er betur í stakk búið til þess að starfa á almennum vinnumarkaði, ef til vill í framhaldi af starfsþjálfun.

### Iðja

Á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði eru starfræktar hæfingarstöðvar og dagvistarúrræði. Markmiðið er að veita þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/ eða starfsþjálfun. Áhersla er lögð á félagslega hæfingu og endurhæfingu í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar, auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi ásamt því að gefa þjónustuþegum kost á að sækja dagþjónustu við hæfi utan heimilis. Um er að ræða margþætta þjálfun/örvun, félagslega, andlega og líkamlega.

Þau verkefni sem skila tekjum, sem eru nokkur, hafa skilað sér til þeirra sem starfa í iðjunum. Verkefni eru m.a. pökkun á skrúfum og smáhlutum, póstdreifing, sala á happdrættis almanaki, álíming á spjöld, hnýting á krókum, götun á pappa fyrir prentsmiðju, innpökkun á plastpokum, pappirstæting og trévinna. Verkefni eru nánast að öllu leyti unnin fyrir fyrirtæki á þjónustu-svæðunum.

Iðjurnar eru þátttakendur í sýningum sem haldnar eru innan sveitarfélaga, nefna má þátttöku í atvinnulífssýningu í Skagafirði og sölusýningu á verkum í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.

Sem dæmi um félags- hreyfi- og líkamspjálfun má nefna sjúkraþjálfun, sund, reiðþjálfun, dagsferðir, skipulagðar gönguferðir, líkamstjáning og söng. Samvinna er við sjúkraþjálfara á svæðunum. Alls eru 43 sem nýta sér þjónustu iðju.

#### Fjöldi fatlaðra sem nýtir sér iðju

|                       |                      |           |
|-----------------------|----------------------|-----------|
| Húnaþing vestra       | Fjöldi í iðju        | 4         |
| Austur Húnavatnssýsla | Fjöldi í iðju        | 4         |
| Svf. Skagafjörður     | Fjöldi í iðju        | 15        |
| Fjallabyggð           | Fjöldi í iðju        | 19        |
| Dalvíkurbyggð         | Fjöldi í iðju        | 1         |
| <b>SAMTALS</b>        | <b>Fjöldi í iðju</b> | <b>43</b> |



## Atvinna með stuðningi

Atvinna með stuðningi (AMS) felur í sér viðtækan stuðning við þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Stuðningur felst í aðstoð við að finna starf við hæfi á almennum vinnumarkaði og þjálfun á vinnustað ásamt eftirfylgd.

Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði. Í Skagafirði og í Fjallabyggð eru sérstakir starfsmenn sem sinna því starfi. Með verkstjórn, starfsþjálfun og sérstakri liðveislu er fólk með fötlun veittur nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast í starfi og ná góðum tókum á vinnuverkefnum.

Möguleiki er á gerð vinnusamninga milli Tryggingastofnunar ríkisins og atvinnurekanda um ráðningu til starfs einstaklinga sem njóta örorkubóta og eru nokkrir slíkir samningar í gangi. Einnig er möguleiki á starfsþjálfun – reynsluráðningu á vegum Vinnumálastofnunar þar sem hugsanlegt er að byrja með starfskynningu í tvær vikur.

Á árinu voru 31 einstaklingar á vinnumarkaði með stuðningi.

## Búsetupjónusta

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kosta á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnaðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetupjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Fram kemur í verkefnum þjónustusvæða að rekin eru fjögur sambýli (sólarhringsþjónusta) og tíu þjónustukjarnar á þjónustusvæðunum ásamt því að veitt er samþætt þjónusta þ.e. liðveisla, frekari liðveisla og heimaþjónusta til einstaklinga í þjónustuíbúðum.

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Íbúum skal veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni og eiga rétt á stuðningi og leiðsögn í öllu sem varðar persónulega hagi og heimilisrekstur. Þar er veitt sérhæfð þjónusta, þjálfun og umönnun.

### Fjöldi í sólarhringsþjónustu í búsetu 2012

|                       |         |           |              |           |
|-----------------------|---------|-----------|--------------|-----------|
| Húnaþing vestra       | Sambýli | 0         | Íbúðakjarnar | 5         |
| Austur Húnavatnssýsla | Sambýli | 4         | Íbúðakjarnar | 0         |
| Svf. Skagafjörður     | Sambýli | 6         | Íbúðakjarnar | 5         |
| Fjallabyggð           | Sambýli | 6         | Íbúðakjarnar | 0         |
| Dalvíkurbyggð         | Sambýli | 0         | Íbúðakjarnar | 0         |
| <b>SAMTALS</b>        |         | <b>16</b> |              | <b>10</b> |

## Frekari liðveisla

Í lögum um málefni fatlaðra er greint á milli hugtakanna liðveislu og frekari liðveislu. Hið fyrri lýtur að því að sveitarfélög skuli „eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.” Hið síðara er skilgreint þannig:

„Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.“

Frekari liðveisla er einstaklingsbundin og er veitt fullorðnum einstaklingum til aðstoðar við ýmsar athafnir daglegs lífs s.s. búsetu.

Að hálfu byggðasamlagsins er reiknað með að þáttur sveitarfélags í stuðningi við búsetu (liðveisla og heimaþjónusta) sé um 40 % af kostnaði á móti 60% kostnaði frekari liðveislu og tekur þjónustan og fjárhagsáætlun byggðasamlagsins mið af því.

Sú þróun hefur verið síðustu ár að aukin áhersla hefur verið lögð á að fatlaðir eigi rétt á eigin heimili í samræmi við óskir sínar og þarfir og hefur þjónusta við sjálfstæða búsetu aukist samhlíða því. Í töflunni hér á eftir eru þjónustupættir í stuðningi við búsetu tilgreindir, frekari liðveisla fellur undir þjónustupætti byggðasamlagsins, aðrir þættir eru veittir á forsendum sveitarfélaga. Þetta er samþætt þjónusta sem veitt er samkvæmt mati á þörf fyrir þjónustu. Alls voru 53 einstaklingar með þjónustu í sjálfstæðri búsetu.

### Stuðningur við sjálfstæða búsetu

#### Þjónustupættir og fjöldi innan hvers þjónustu

|                       | Frekari liðveisla       |           |           | Matarsendingar |           |
|-----------------------|-------------------------|-----------|-----------|----------------|-----------|
|                       | Félagsleg heimaþjónusta |           |           | Ferðaþjónusta  |           |
|                       | Félagsleg liðveisla     |           |           |                |           |
| Húnaþing vestra       | 3                       | 1         | 2         | 0              | 0         |
| Austur Húnavatnssýsla | 4                       | 3         | 4         | 0              | 2         |
| Svf. Skagafjörður     | 12                      | 12        | 11        | 3              | 23        |
| Fjallabyggð           | 5                       | 22        | 25        | 4              | 6         |
| Dalvíkurbyggð         | 4                       | 3         | 5         | 1              | 1         |
| <b>SAMTALS</b>        | <b>28</b>               | <b>41</b> | <b>47</b> | <b>8</b>       | <b>32</b> |

## Styrkir og fjárfestingaframlög

Styrkir til náms og verkfæra- og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Fjárfestingaframlög eru til stofnkostnaðar og endurnýjunar húsbúnaðar og sértæks búnaðar í sameiginlegu rými og starfsmannaaðstöðu í búsetu, vegna iðja, skammtímvistana

og vegna þjálfunargagna ráðgjafa. Afgreiðsla umsókna um styrki og búnaðarkaup fer fram í þjónustuhópnum. Áætluð framlög í búnaðarkaup eru 4 m.kr. á ári og til styrkja 0,4 m.kr.

| Fjárfestingaframlög               | Húna-<br>þing  | Austur-<br>Hún. | Skaga-<br>fjörður | Fjalla-<br>byggð | Dalvíkur-<br>byggð | Samtals<br>2012  | Samtals<br>2011   |
|-----------------------------------|----------------|-----------------|-------------------|------------------|--------------------|------------------|-------------------|
| Iðja                              | 168.884        | 0               | 319.743           | 124.800          | 0                  | 613.427          | 2.499.515         |
| Ráðgjöf                           | 110.000        | 110.000         | 110.000           | 110.000          | 110.000            | 550.000          | 215.495           |
| Sambýli og skammtíamavistun       | 203.671        | 0               | 64.654            | 0                | 2.000.135          | 2.268.460        | 7.492.759         |
| Verkfæra, tækja- og námskostnaður | 0              | 92.981          | 16.125            | 97.050           | 0                  | 206.156          | 503.945           |
| <b>SAMTALS</b>                    | <b>482.555</b> | <b>202.981</b>  | <b>510.522</b>    | <b>331.850</b>   | <b>2.110.135</b>   | <b>3.638.043</b> | <b>10.711.714</b> |

## Lokaorð

Árið 2012 var annasamt en starfsemin gekk vel með samstilltu starfsfólki. Byggðasamlagið og aðildarsveitarfélögin eru að fóta sig í breyttu umhverfi yfirfærslu málefna fatlaðra. Jöfnunar-sjóður sveitarfélaga úthlutar fjármagni til þjónustunnar í samræmi við reglugerð sem sett er árlega, hefur hún tekið breytingum milli ára sem skapar óvissu við gerð fjárhagsáætlunar og áætlun um þróun og uppbyggingu þjónustu. Ákveðin óvissa er um hver fjárfraamlög verða næstu árin og hvaða áhrif niðurstöður SIS þjónustumats hafa fyrir svæðið.

Í árslok var enn óljóst hver skipan yrði á atvinnumálum fatlaðs fólks. Nefnd var starfandi sem átti að koma með tillögur um hvernig þeim yrði háttað, þ.e. hvort atvinnumál fatlaðs fólks yrðu áfram hjá sveitarfélögunum eða færðust til Vinnumálastofnunar.

Fatlað fólk og fjölskyldur þeirra skulu eiga aðgang að leiguhúsnæði á almennum markaði eða félagslegu leiguhúsnæði hjá sveitarfélögum til jafns við aðra. Sé þörf fyrir sérstakt húsnæði vegna sérstakra eða mikilla þjónustuþarfa skal sveitarfélag/þjónustusvæði sem ber ábyrgð á þjónustunni tryggja að slíkt húsnæði sé til staðar.

Þörf er á að útfærðar verði tillögur um jöfnunarpátt húsnæðismála í framhaldi af því að Framkvæmdasjóður fatlaðra var lagður niður. Einnig er mikilvægt að komið verði á einu samræmdu fyrirkomulagi um fjárveitingar opinbers húsnæðisstuðnings. Mikilvægar forsendur fyrir opinberum húsnæðisstuðningi er að miðað sé við jafnræði og aðstæður. Hlutverk Íbúðalánasjóðs varðandi fjármögnun, framkvæmdir og þróun á sértæku félagslegu húsnæði þarf að vera betur skýrt og eflt.

Starfsemin er að öllu jöfnu ekki fyrirferðamikil í daglegu lífi þorra almennings, enda í eðli sínu hljóðlát og að jafnaði stendur ekki um hana neinn styr. Framtíðarsýnin er að veita heildstæða og samþætta þjónustu í heimabyggð eftir þörfum hvers og eins, þá bestu í landinu. Með það að leiðarljósi vill byggðasamlagið stuðla að bættri þjónustu við fatlað fólk og auknum lífs-gæðum þess. Mikilvægt er að þróa þjónustuna áfram í þeim tilgangi að bæta hana og nýta það fjármagn sem til ráðstöfunar er sem best.



## menningarráð Norðurlands vestra



Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra við vígslu minnismerkis um Hrafna-Flóka sem sett var upp í Fljótum.

### Inngangur

Þann 15. apríl 2011 var skrifað undir þriggja ára menningarsamning, annars vegar milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins og hins vegar stjórnar SSNV, fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Gildir samningurinn fyrir árin 2011-2013.

Samkvæmt samningnum er framlag ríkisins um 23 milljónir á ári þessi þrjú ár og hefur því lækkað um rúman fjórðung frá árinu 2008 er það var 32 milljónir. Framlag heimamanna 2011-2013 er 40% af framlagi ríkisins eða um 9 milljónir króna á ári.

Á árinu 2012 var framlag iðnaðarráðuneytisins, nú atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, óbreytt eða 5,7 milljónir króna. Vegna aðhaldskröfu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu var framlag þess 338 þús. kr. minna en samningurinn hljóðaði uppá. Samtals var framlag ríkisins 22.762.000 kr.

Í september 2012 var einnig skrifað undir viðauka við samninginn frá 2011 en þar var um að ræða 10,3 millj. kr. framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2012 og 2013 í svokallaða stofn- og rekstrarstyrki sem Alþingi hafði áður úthlutað. Töluverðar deilur stóðu um upphæðina í samningnum þar sem áætlað framlag ráðuneytisins var mun lægra en áður hafði komið frá Alþingi til Norðurlands vestra. Ekki fékkst þó breyting á framlaginu.

### Samþykkt stjórnar SSNV, 5. september 2012

*Stjórn SSNV samþykkir viðauka samstarfssamning ríkisins og SSNV um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu frá 15. apríl 2011 að upphæð 10,3 milljónir króna vegna áranna 2012 og 2013. Stjórn itrekar fyrri yfirlýsingar um að 35% niðurskurður á framlögum til stofn- og rekstrarstyrkja Menningarsamnings Norðurlands vestra verði leiðréttur á árinu 2013.*

Í þessari ársskýrslu er greint frá starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og menningarfulltrúa árið 2012 og upplýsingar eru um þá aðila sem fengu verkefnastyrki. Ársreikningar ráðsins fylgja með.



Kvennakórinn Söldís.

## Menningarráð Norðurlands vestra

### Skipan menningarráðs

Árið 2012, 1. janúar-13. október, var Menningarráð Norðurlands vestra þannig skipað:



Póra – Guðný – Ragnar Smári – Bjarni – Björg

Björg Baldursdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður  
Guðný Kjartansdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði  
Póra Sverrisdóttir, Húnavatnshreppi, A-Hún.  
Ragnar Smári Helgason, Húnaþingi vestra  
Bjarni Jónsson, tilnefndur af stjórn SSNV

Á ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, 13. október 2012, var skipað í Menningarráð Norðurlands vestra til tveggja ára. Eftirtaldir einstaklingar skipa því ráðið 2012-2014:

Björg Baldursdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður  
Guðný Kjartansdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði  
Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd, A-Hún.  
Ragnar Smári Helgason, Húnaþingi vestra  
Bjarni Jónsson, tilnefndur af stjórn SSNV

### Aðsetur

Skrifstofa menningarráðs er staðsett á Skagaströnd og er þar opið virka daga frá kl. 08.00-16.00. Starfsmaður ráðsins er Ingibergur Guðmundsson.

Starfshlutfalli menningarfulltrúa er þannig háttað að hann er í 60% starfi hjá menningarráði og 40% starfi hjá Atvinnuþróun SSNV.





Heimilisnáðarsamið stóð fyrir sýningu á íslenskum þjóðbúningum á Húnavöku.

## Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra árið 2012

### Fundur menningarráðs

Fundur menningarráðs voru sjö, auk aðalfundar sem haldinn var 12. október. Allar fundargerðir eru birtar á vef ráðsins, [www.ssnv.is](http://www.ssnv.is) undir liðnum Menningarráð.

### Verkefnastyrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 2. febrúar 2012, var ákveðið að ein úthlutun yrði á árinu, með umsóknarfresti til og með 15. mars. Þá voru samþykktar úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja ársins. Þar segir m.a.:

Menningarráð hefur ákveðið að þau verkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og þróun í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.
- Verkefni sem stuðla að þátttöku allra þjóðfélagshópa í menningarstarfi.
- Verkefni sem leiða til samstarfs við önnur lönd á sviði menningar og lista.
- Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.


Auglýst var eftir styrkumsóknum með dreifibréfi inn á hvert heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra. Auk þess birtu sveitarfélögin umsóknina á sínum vefmiðlum og svæðisvefmiðlarnir einnig. Þá var dreifibréfið sent rafrænt á tengslanet menningarráðs.

Alls bárust 108 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 66 milljónum króna í styrki. Menningarráðið samþykkti að úthluta verkefnastyrkjum til 68 aðila, alls að upphæð 23.900.000 kr.

Lægsti styrkurinn nam 100 þús. kr. en sá hæsti var ein og hálf milljón. Úthlutun styrkja fór fram í Félagsheimilinu Ljósheimum í Skagafirði 26. apríl.

## Verkefnastyrkir - Úthlutun 2012


Hægt er að greina styrki ráðsins á ýmsa vegu. Hér eru styrkirnir sundurgreindir eftir sameiginlegri flokkun menningarfulltrúa landshlutanna:



Af þessu súluriti má sjá mismunandi styrk þeirra greina menningararlífs á Norðurlandi vestra sem menningarráðið veitti fjármagn til á árinu 2012.

## Úthlutun 2007-2012


Ef hins vegar horft er til áranna 2007-2012 í heild lítur dæmið svona út:



Hér skorar tónlistin hæst eða um 21% en í næstu tveimur sætum eru menningartengd ferðaþjónusta með 17% og menningararfur/safnamál með 14%.

## Heildarkostnaður – sótt um - úthlutað

Einnig er forvitnilegt að sjá hlutfallið á milli áætlaðs heildarkostnaðar þeirra verkefna sem sótt er um styrk til, hversu mikið fjármagn er sótt um og hve miklu er úthlutað.



Áætlaður heildarkostnaður þeirra verkefna, sem sótt var um árin 2007-2012, var því samtals um 1.570 milljónir. Heildarupphæð umsókna var um 430 milljónir eða tæplega þriðjungur af áætluðum kostnaði. Alls hefur verið úthlutað 537 styrkjum og til þess veitt 171,8 milljónum króna.

## Stofn- og rekstrarstyrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 5. september 2012, var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki með umsóknarfresti til og með 24. september. Þá voru samþykktar úthlutunarreglur. Þar segir m.a.:

Menningarráð hefur ákveðið að þeir umsækjendur hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða við úthlutun ársins 2012:

- Stuðla að því að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna- og menningararfs.
- Stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi.
- Styðja við menningarstarfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á svæðinu.
- Verkefni sem flutt voru af safnliðum fjárlaga til Menningarráðs Norðurlands vestra árið 2012.

Auglýst var í flestum vefmiðlum á svæðinu, í sjónvarpsvísum og víðar. Þá var auglýsingin send rafrænt á tengslanet menningarráðs.

Alls bárust 17 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmunum 31 milljón í styrki. Á fundi menningarráðs 9. október var samþykkt að styrkja átta aðila, samtals að upphæð 10,3 millj. kr. Lægsti styrkurinn var 500 þúsund kr. en sá hæsti 2,3 milljónir kr.





Ungur nemur gamall temur



Karlaðór Bólstaðarhlíðarhrepps

## Samstarf

### Menningarfulltrúar landshlutanna

Mikið og gott samstarf er milli menningarfulltrúa landshlutanna, bæði hittast þeir reglulega og hafa mikil síma- og tölvupóstsamskipti sín á milli.

Á árinu 2012 hittust menningarfulltrúarnir í Reykjavík 25. janúar og svo á vörfundi á Hólmanvík 2.-3. maí. Þá hittust menningarfulltrúar Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra í Búðardal í nóvember og lögðu drög að málfundum um handverk á þessum svæðum á árinu 2013.

### Formenn menningarráðanna

Í tengslum við janúarfund menningarfulltrúanna hittust formenn menningarráða landshlutanna í Reykjavík 25. janúar og ræddu þar sameiginleg málefni.

### Styrkhafar

Samstarf við styrkhafa hefur gengið vel, fylgst er með þeim verkefnum sem fengið hafa styrk og styrkhöfum lagt lið hafi þeir óskað þess. Þá hefur menningarfulltrúi kappkostað að sækja þá viðburði sem styrktir eru. Með því finna styrkhafar að áhugi sé fyrir verkefnum þeirra en einnig er þetta ákveðið aðhald og eftirlit með framkvæmd verkefnanna.

### Söfn og setur

Á undanförunum árum hefur töluverð vinna verið lögð í að efla samstarf safna og setra á svæðinu. Ákveðinn árangur hefur náðst í þessu verkefni en ennþá er nokkuð í land. Í flestum þessum söfnum og setrum eru starfsmenn aðeins í hlutastarfi en vinna yfirleitt meira en þeir fá greitt fyrir og því er ákveðin tregða á að bæta á sig fleiri fundum og verkefnum. En dropinn holar steininn og áfram verður haldið.

Þá eru nokkrir aðilar á svæðinu virkir aðilar að Samtökum um söguferðapjónustu sem starfa á landsvísi.

### Fjármál

Í fylgiriti með þessari ársskýrslu eru endurskoðaðir reikningar menningarráðs fyrir árið 2012. Þar kemur fram að aðhalds er gætt í rekstri, rekstrarkostnaðurinn er aðeins um 8,6 milljónir kr. sem er mun lægri upphæð en undanfarin ár. Þess vegna hefur verið hægt að veita meiri fjármunum í styrki.





Laxasetur Íslands tók til starfa á Blönduósi.

## Nýr vaxtarsproti árið 2012

### Laxasetur opnað með glæsibrag

feykir.is | Austur-Húnavatnssýsla, Listir og menning | 17.6.12 | 13:05

Það var fullt út úr dyrum á Laxasetri Íslands á Blönduósi í gær þegar setrið var formlega opnað með glæsibrag. Viðstaddir gátu skoðað sýningarsalinn, hlýtt á fjölmörg erindi og skemmtiatriði og bragðað á gómsætum laxaréttum.

Valgarður Hilmarsson framkvæmdastjóri og Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson stjórnarformaður Laxasetursins eiga öðrum fremur heiðurinn að tilurð þess. Þeir sögðu frá því hvernig hugmyndin kviknaði fyrst árið 2008 og varð smátt og smátt að veruleika en þeir hófust handa við að koma safninu á laggirnar árið 2011.

Valgarður sagði marga hafa lagt verkefninu lið, hvort sem það hafi verið í verki eða með fjárhagslegum stuðningi, sem hvort tveggja hafi verið ómetanlegt. Einnig hafði hann orð á því að áhugasamir hafa enn tækifæri á því að gerast stofnfjáreigendur, en þeir eru nú 28 talsins.

Þær Kristín Arnpórsdóttir og Þuríður Helga Jónsdóttir menningarmiðlarar höfðu umsjón með hönnun setursins og sagði Kristín í samtali við Feyki að mikil áhersla hafi verið lögð á að gera það aðlaðandi fyrir börn. Þar er að finna barnahorn sem vakti auðsýnilega mikla lukku á meðal yngri kynslóðarinnar við opnunina.

Laxasetrið er til húsa að Efstubraut 1 á Blönduósi, við Þjóðveg 1 þegar keyrt er í gegnum bæinn.

### Mat á árangri

Á Norðurlandi vestra búa um 7.300 manns. Svo sem fram kemur hér að ofan þá hefur Menningarráð Norðurlands vestra veitt alls um 170 milljónum í verkefnastyrki frá árinu 2007 þegar fyrsti samningurinn var gerður. Það gera rúmar 28 milljónir á ári að meðaltali. Þessir fjármunir hafa því haft veruleg áhrif á framvindu menningar á svæðinu og stuðlað að blómlegu starfi á því sviði.

Árið 2005 samþykktu sveitarfélögin á Norðurlandi vestra sameiginlega menningarstefnu og hefur hún síðan verið endurskoðuð og breytt lítillega. Þessi samþykkt var ein af forsendum menningarsamningsins við ríkið 2007. Einn þáttur menningarstefnunnar fjallar um stefnu í einstökum flokkum menningarmála. Þar segir m.a.:



Frá sýningu um Guðrúnu frá Lundi í Minjasafninu á Sauðárkróki.

#### 4.1. Saga, minjar, söfn

##### Markmið:

- Að saga svæðisins verði gerð sýnilegri.
- Að varðveisla menningarminja verði eflað og þær markvisst gerðar aðgengilegri.
- Að samstarf safna og sýninga á svæðinu aukist og þeim gert kleift að taka að sér fleiri verkefni.
- Að efla samstarf við höfuðsöfn og þjóðmenningarstofnanir.
- Að efla rannsóknir.

#### 4.2. Hátíðir, verkefni, viðburðir

##### Markmið:

- Að styðja við frumkvæði og framtak á sviði menningar sem hópar, stofnanir, fyrirtæki, samtök og einstaklingar standa fyrir.
- Að efla þær hátíðir sem haldnar eru á Norðurlandi vestra og auka kynningu á þeim.
- Að auka fjölbreytni og gæði menningarstarfs.
- Að tengja menningarviðburði við atvinnulíf og fræðslustarf eftir því sem við á hverju sinni.
- Að íbúar Norðurlands vestra, óháð aldri og uppruna, fái tækifæri til virkrar þátttöku í menningarlífi.

#### 4.3. Listir

##### Markmið:

- Að styðja við fjölbreytta listsköpun íbúa á Norðurlandi vestra.
- Að auka kynningu á listamönnum sem starfa á svæðinu og verkum þeirra.
- Að listamenn á svæðinu fái stuðning við að sinna list sinni og tækifæri til sýningahalds.
- Að almenningur á Norðurlandi vestra hafi aðgang að fjölbreyttum listviðburðum.

Svo sem sjá má á ofangreindu þá eru markmiðin að mörgu leyti skýr og snúa að fjölmörgum þáttum menningarinnar. Ásamt með menningarsamningunum við ríkið þá hefur menningarráðið haft þessi markmið til hliðsjónar við úthlutun styrkja. Því er mikil breidd í styrkjum ráðsins. Hver landshluti hefur sína sérstöðu, styrkleika og veikleika. Á Norðurlandi vestra er tónlist í hávegum höfð, kórastarfsemi er mikil og lífleg og þar eru yfirleitt menntaðir stjórnendur og undirleikarar sem fá greitt fyrir sín störf. Nýjar hátíðir hafa bæst við. Tónlistarhátíðin Gæran, sem haldin hefur verið sl. tvö ár á Sauðárkróki, hefur gert yngra fólki á svæðinu kleift að koma fram með sína tónlist. Barokkhátíð á Hólum í Hjaltadal hefur verið haldin sl. fjögur ár en þar er áherslan lögð á tónlist og menningu þess tímabils. Einnig hefur Ríkíní hátíð verið haldin tvisvar en þar er áherslan lögð á tónlist miðalda á Íslandi. Ung óperusöngkona, sem bjó hér á svæðinu til sumarsins 2012, stóð fyrir óperuflutningi og söngskóla fyrir unga nemendur. Þannig mætti halda áfram. Þessi starfsemi hefur einnig leitt til nokkurrar útgáfu geisladiska með margvíslegri tónlist sem heimamenn fremja, stundum frumsaminni og stundum ekki. Í tengslum við þessa grósku hefur einnig sprottið upp upptökustúdíó á Sauðárkróki. Menningararfurinn er mikilvægur þáttur á Norðurlandi vestra. Saga svæðisins er ótrúlega fjölbreytt og umfangsmikil og þar hefur verið unnið heilmikið starf við að koma henni á framfæri, hvort sem er í stofnun setra og safna, rannsóknnum, sýningum, fornum byggingar-háttum og bókaútgáfu svo eitthvað sé nefnt.

Í tengslum við þennan ríka menningararf hefur t.d. menningartengd ferðaþjónusta verið vaxandi og töluverð umsvif sem tengjast þeim þætti. Á þessum árum frá 2007 hafa nokkur setur litið dagsins ljós, Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal, Spákonuhof á Skagaströnd og Eyvindarhellir og Laxasetur á Blönduósi. Þá hefur starfsemi Selaseturs Íslands á Hvammstanga eflst verulega. Ennfremur er gerð Kakalaskála í Skagafirði í fullum gangi en þar verður væntanlega miðstöð Sturlungaslóðarinnar. Þá má nefna Gestastofu sútarans á Sauðárkróki þar sem sögu sútarar á Íslandi eru m.a. gerð góð skil. Það er því margt að gerast á þessu sviði.

Á undanförunum árum hefur kvikmyndagerð vaxið nokkur fiskur um hrygg, þá sérstaklega heimildamyndagerð, og er orðin nokkur atvinnustarfsemi í kringum hana. Tilvist atvinnumannna í þessari grein á svæðinu hefur einnig leitt til þess að stofnuð hefur verið kvikmynda- braut við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Þá hefur bókaútgáfa aukist töluvert og er fjölbreytnin þar mikil, skáldsögur, ljóðabækur, heimildarit, matarbækur o.fl.

Bæjarhátíðir blómstra sem aldrei fyrr en þar fer margvísleg menningarstarfsemi fram, m.a. í formi tónlistar og listsýninga. Hér er einnig rík handverkshefð og töluverð umsvif á því sviði. Aðrir geirar menningarlífsins eru ekki eins áberandi, danslist er fábreytt og menntaðir myndlistarmenn eru fáir en það eru líka kannski ákveðin takmörk fyrir því hversu mikil og fjölbreytt menningarstarfsemi getur verið í þessu sjö þúsund manna samfélagi.

Á Skagaströnd stofnuðu heimamenn Nes listamiðstöð árið 2008. Þangað koma íslenskir en þó fyrst og fremst erlendir listamenn til mánaðardvalar eða lengur og starfa að list sinni. Í listamiðstöðinni geta dvalið allt að 12-15 listamenn á sama tíma og á árinu 2012 dvöldu um eitt hundrað listamenn þar. Margir þessara listamanna tengjast heimamönnum á margvíslegan hátt, halda sýningar, uppákomur, námskeið, koma í grunnskólann, fá heimamenn til að taka þátt í verkefnum o.s.frv.





Síggi Hansen og Kristín Jóns í Kakalaskála

Áhrif þessarar listamiðstöðvar á allt svæðið eru einnig að verða meiri og meiri, komið er á samstarf við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra í tengslum við nýja braut í skapandi greinum sem hefst þar haustið 2013, stofnað hefur verið til samstarfs við félag áhugamyndlistarmanna á Sauðárkróki og töluvert samstarf er við Textilsetur á Blönduósi. Slík starfsemi smitar jafnt og þétt út frá sér, margir listamenn koma aftur og aftur, taka ástfóstri við svæðið og landið í heild, dvelja í öðrum listamiðstöðvum og koma oft með nýja strauma með sér.

Á Norðurlandi vestra hefur stuðningur menningarráðs við grasrótina verið mikill og mikil breidd er í styrkveitingum ráðsins. En ráðið hefur einnig stutt vel við þá menntuðu listamenn sem búa á svæðinu og þar með hvatt þá til afreka á lista- og menningarsviðinu.

Oft er rætt um sjálfbærni menningarverkefna og kröfuna um að sem flest verkefni standi undir sér með tíð og tíma. Þetta er göfugt markmið og háleitt en spurningin er hversu raunhæft það er. Fjárhagslegur stuðningur ríkis og borgar við menningarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu, sem telur um 200 þúsund manns, er mikill og má þar nefna Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Sinfóníuna, Íslensku óperuna, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands svo nokkur dæmi séu nefnd. Þessi stuðningur þykir sjálfsagður og er það. Fáir gera kröfu um að þessi starfsemi standi undir sér enda er ekki hægt að ætlast til þess.

Framlag ríkisins til menningarstarfs á landsbyggðinni, þar sem hinn hluti landsmanna býr, er einnig töluverður. Hins vegar er búsetan þar mjög dreifð og allar vegalengdir langar. Því er enn síður hægt að ætlast til þess að sú menningarstarfsemi standi almennt undir sér. Þessi umræða um sjálfbærni menningarstarfs almennt er því ekki á rökum reist.

Á árinu 2012 var gerður viðauki við menningarsamninginn þar sem fjármunir, sem Alþingi hafði áður úthlutað til menningarverkefna, svokallaðir stofn- og rekstrarstyrkir, voru fluttir til menningarráðanna til úthlutunar þar. Aðdragandi þessa viðauka var á margan hátt erfiður og margvísleg álitamál komu þar við sögu sem þó verða ekki rakin hér. Við þennan flutning minnkaði hins vegar fjármagn til svæðisins verulega frá því hafði verið árin áður, sem skapaði ýmis vandræði við úthlutun fjáris.

## Lokaorð

Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra hefur að mörgu leyti gengið vel. Styrkveitingar hafa leitt til enn blómlegri menningarstarfsemi á mörgum sviðum en áður var og stutt við framtak heimamanna. Að sjálfsögðu má þó alltaf gera betur enda alltaf hægt að bæta sig á þessu sviði sem og öðrum.



Enn og aftur eru breytingar í farvatninu en nú er stefnt að því að þessir fjármunir til menningarstarfsins fari í gegnum Sóknaráætlun 2020. Hlutverk menningarráðanna gæti í því sambandi einnig breyst en menningarráð treystir því að svo verði búið um hnútana að fjármagnið nýtist áfram til þess að efla menningarlíf á landsbyggðinni.

Menningarráð Norðurlands vestra þakkar ríki og sveitarfélögum fyrir stuðninginn við menningarlífið á Norðurlandi vestra. Einnig fá styrkhafar þakklæti fyrir sitt framtak því án þeirra yrði menningarlífið mun fábrotnara. Samfélagslegt virði menningarstarfs er ómetanlegt, hvort sem er í stærri bæjum eða út við ysta haf, blómlegt menningarlíf er ómissandi þáttur mannlífsins hvar sem er og menningar- og listalíf mikil virðisaukning í hvaða sveitarfélagi sem er.

Að lokum er hér vitnað til ávarps formanns menningarráðs við úthlutun menningarstyrkja fyrir árið 2012:

*„Það er ekki út í bláinn að tala um blómlegt menningarlíf. Menningu má einmitt líkja við potta-blóm. Potturinn er umgjörðin utan um samfélagið og moldin er samfélagið sjálft. Segja má að menningin sé lítil planta sem gróðursett er í þessari mold. Sé moldin frjósöm og vaxtarskilyrðin góð dafnar plantan vel. Með umhyggju, vökvun og áburðargjöf ber hún blóm sem auðga og fegra umhverfið. Þegar jurtin hefur náð þroska má taka afleggjara af henni og setja hann niður annarsstaðar. Þannig dreifir plantan sér og veitir enn fleirum ánægju og gleði.*

*Blómstrandi mannlíf og öflugt menningarstarf verður seint metið til fjár ef tekið er tillit til þeirra jákvæðu áhrifa sem það hefur á samfélagið. Menning er þau lífsgæði sem við eigum öll þátt í að skapa og það er undir okkur sjálfum komið hvernig til tekst. Hlúum vel að litlu pottaplöntunni okkar og leggjum okkar af mörkum til að hún dafni sem best.*

*Ég vona og veit að þeir styrkir sem hér er úthlutað verða dálítill áburðarlúka eða vatnsdropi sem eykur vöxt hennar og viðgang.“*

## Úthlutun verkefnastyrkja 2012

Umsóknarfrestur fyrir árið 2012 rann út 15. mars. Alls bárust 108 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 66 milljónum króna.

Á fundi sínum, 2. apríl, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 68 aðila, alls að upphæð 23.900.000 kr. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

|               |                                                                                                                                                                            |
|---------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1.500.000 kr. | <b>Byggðasaga Skagafjarðar</b><br>Byggðasaga Skagafjarðar 7. bindi                                                                                                         |
| 1.200.000 kr. | <b>Þjóðleikur á Norðurlandi vestra</b><br>Þjóðleikur - leiklistarhátíð ungs fólks                                                                                          |
| 1.000.000 kr. | <b>Söfn og setur á Norðurlandi vestra</b><br>Söguleg safnahelgi 2012                                                                                                       |
| 1.000.000 kr. | <b>Akrahreppur</b><br>Akrahreppur við upphaf nýrrar aldar - heimildarmynd                                                                                                  |
| 1.000.000 kr. | <b>Lafleur útgáfan</b><br>Sundið - heimildarmynd                                                                                                                           |
| 1.000.000 kr. | <b>Laxasetur Íslands</b><br>Hönnun og uppsetning sýningar                                                                                                                  |
| 900.000 kr.   | <b>Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga og Byggðasaga Skagafjarðar</b><br>Tvö verkefni: Málmei - rannsókn á byggðaleifum<br>og Gagnagrunnur um eyðibbyggð í Skagafirði. |
| 900.000 kr.   | <b>Leikfélag Sauðárkróks</b><br>Þrjú verkefni: Gamanleikritið Tveir tvöfaldir, Barnaleikrit og<br>Ritun leikverks fyrir Sæluviku 2013                                      |
| 600.000 kr.   | <b>Eldur í Húnaþingi</b><br>Eldur í Húnaþingi 2012                                                                                                                         |
| 600.000 kr.   | <b>Raggrann ehf.</b><br>Tónlistarhátíðin Gæran 2012                                                                                                                        |
| 600.000 kr.   | <b>Grettistak ses</b><br>Tvö verkefni: Grettishátíð 2012 og Barn í Vikingtid – norrænt<br>samstarf um sameiginlegan menningararf                                           |
| 500.000 kr.   | <b>Selasetur Íslands</b><br>Samstarf Selaseturs Íslands og Hvalasafnsins á Húsavík                                                                                         |
| 500.000 kr.   | <b>Blöndubbyggð ehf</b><br>Eyvindahellir - sögumiðlun og leiksýning                                                                                                        |
| 500.000 kr.   | <b>Karlakórinn Heimir og sms film ehf</b><br>„Bestir í Heimi“ - Karlakórinn Heimir 85 ára - heimildarmynd                                                                  |
| 500.000 kr.   | <b>Menningarhúsið Miðgarður</b><br>Skagfirskir tónar í Menningarhúsinu Miðgarði                                                                                            |
| 500.000 kr.   | <b>Nes listamiðstöð</b><br>Dvalar- og verkefnisstyrkir                                                                                                                     |





Listamenn Nes listamiðstöðvar standa fyrir fjölmörgum sýningum, innan- og utanhúss.



|             |                                                                                                                       |
|-------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 400.000 kr. | <b>Leikfélag Hofsóss</b><br>Enginn með Steindóri - leiksýning                                                         |
| 400.000 kr. | <b>Guðbrandsstofnun á Hólum</b><br>Sumartónleikar á Hólum 2012                                                        |
| 400.000 kr. | <b>Karlakórinn Heimir</b><br>Tónleikaröð 2012 og Prettándatónleikar 2013                                              |
| 400.000 kr. | <b>Ólafur P. Hallgrímsson</b><br>Tvö verkefni: Útgáfa smásagnasafns Guðmundar L. Friðfinnssonar og Vorvaka í Húnaveri |
| 350.000 kr. | <b>Bændasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps</b><br>Hlíðhreppingar - Ábúendatal Bólstaðarhlíðarhrepps                         |
| 300.000 kr. | <b>Kvennaband Vestur-Húnavatnssýslu</b><br>Kvennaband V-Hún. - 90 ára afmælisrit                                      |
| 300.000 kr. | <b>Sigurður Hansen</b><br>Haugsneshardagi - leiðsögubæklingur                                                         |
| 300.000 kr. | <b>Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi</b><br>Tvö verkefni: Sumarsýning 2012 og Þjóðbúningasýning á Húnavöku            |
| 300.000 kr. | <b>Ungmennasamband A-Hún.</b><br>Útgáfa Húnavökuritsins á 100 ára afmæli USAH                                         |
| 300.000 kr. | <b>Verslunarminjasafnið Hvammstanga og Byggðasafn Húnavetninga og Strandam.</b><br>Stemning í Krumbúð                 |
| 300.000 kr. | <b>Lárus Ægir Guðmundsson</b><br>Saga Spákonufellskirkju og kirkjugarðs 1300-2012                                     |
| 300.000 kr. | <b>Töfrakonur / Magic Women ehf</b><br>Tvö verkefni: Ævintýri tvíb. á Spáni og Nokkur lauf að norðan III              |
| 300.000 kr. | <b>Stefán R Gíslason og Einar Þorvaldsson</b><br>Sönglög á Sæluvíku - tónleikar                                       |
| 300.000 kr. | <b>Karlakórinn Lóuprælar</b><br>Tónleikaröð 2012                                                                      |
| 250.000 kr. | <b>Sögusetur íslenska hestsins</b><br>County of origin - Íslenska hestatorgið á Landsmóti hestamanna 2012             |
| 250.000 kr. | <b>Handtak - Drangeyjarferðir</b><br>Fjölskyldan í fjörunni og Rökkurstund að Reykjum – bl. dagskrá                   |
| 250.000 kr. | <b>Jón Hilmarsson</b><br>Ljós og náttúra Norðurlands vestra - ljósmyndabók                                            |
| 250.000 kr. | <b>Húnaþing vestra</b><br>Gamlar ljósmyndir með sögulegum texta á útisvæði                                            |
| 250.000 kr. | <b>Contalgen Funeral</b><br>Pretty Red Dress - geisladiskur                                                           |
| 250.000 kr. | <b>Barokksmiðja Hólastiftis</b><br>Barokkhátíð á Hólum 2012                                                           |

|             |                                                                                                                    |
|-------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 250.000 kr. | <b>Blönduósbær</b><br>Tónar, list og sögur á Húnavöku 2012                                                         |
| 250.000 kr. | <b>Fornverkaskólinn</b><br>Alþjóðlegt námskeið í torfhleðslu                                                       |
| 200.000 kr. | <b>Skagabyggð</b><br>Leiðsögubæklingur um Kálfshamarsvík                                                           |
| 200.000 kr. | <b>Sönghópur Félags eldri borgara í Skagafirði</b><br>Tónleikaröð 2012-2013                                        |
| 200.000 kr. | <b>Stefán Friðrik Stefánsson og Sigfús Arnar Benediktsson</b><br>Fúsi fer á flakk                                  |
| 200.000 kr. | <b>Rósmundur Ingvarsson</b><br>Örnefnaskráning í Skagafirði - Sléttuhlíð                                           |
| 200.000 kr. | <b>Byggðasafn Skagfirðinga</b><br>Smíði kljásteynavefstóls                                                         |
| 200.000 kr. | <b>Multi Musica</b><br>Það er draumur að vera með data - tónleikar                                                 |
| 200.000 kr. | <b>Kirkjukórar í A- og V-Hún.</b><br>Menningardagskrá í tali og tónum                                              |
| 200.000 kr. | <b>Skagfirski kammerkórinn</b><br>Söngur allt árið - tónleikaröð                                                   |
| 200.000 kr. | <b>Félag harmonikuunnenda í Skagafirði</b><br>Manstu gamla daga 3 - bl. dagskrá                                    |
| 200.000 kr. | <b>Vinir Kvennaskólans o.fl.</b><br>Hátíðardagskrá í tilefni af 100 ára afmæli Kvennaskólahússins                  |
| 200.000 kr. | <b>Jónsmessunefnd Hofsósi</b><br>Jónsmessuhátíð 2012                                                               |
| 150.000 kr. | <b>Gunnar Halldórsson</b><br>Sú fagra sveit - barnabók                                                             |
| 150.000 kr. | <b>Kvennakórinn Sóldís</b><br>Tónleikar á Konudegi 2013                                                            |
| 150.000 kr. | <b>Erla Gígja Þorvaldsdóttir og Hulda Jónasdóttir</b><br>Vornótt - geisladiskur með lögum Erlu Gígy Þorvaldsdóttur |
| 150.000 kr. | <b>Héraðsbókasafn Skagfirðinga</b><br>Gyrðisvaka - dagskrá til heiðurs Gyrði Elíassyni                             |
| 150.000 kr. | <b>Alexandra Chernyshova</b><br>Jól í Kallafjöllum - bl. dagskrá                                                   |
| 150.000 kr. | <b>Á Sturlungaslóð</b><br>Sögudagur á Sturlungaslóð 2012                                                           |
| 150.000 kr. | <b>Textilsetur Íslands</b><br>Dvalar- og verkefnastykir til lista- og fræðimanna                                   |
| 100.000 kr. | <b>Héraðsskjalasafn Skagfirðinga</b><br>Ljósmyndavefur Skagfirðinga - málþing og opnun vefs                        |

|             |                                                                                                             |
|-------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 100.000 kr. | <b>Ríkíní, félag um forna tónlist</b><br>Fjórða þing Ríkíní á Hólum 2012                                    |
| 100.000 kr. | <b>Menningarfélagið Spákonuafur</b><br>Margt býr í myrkrinu                                                 |
| 100.000 kr. | <b>Gísli Þór Ólafsson</b><br>Bláar raddir - geisladiskur                                                    |
| 100.000 kr. | <b>Sigurður Helgi Oddsson</b><br>Uppáhaldslögin okkar - tónleikar                                           |
| 100.000 kr. | <b>Árni Geir Ingvarsson</b><br>Mannlíf á Skagaströnd - ljósmyndasýning                                      |
| 100.000 kr. | <b>Jón Hilmarsson og Arnar Ólafur Viggósson</b><br>Náttúra og landslag Norðurlands vestra - ljósmyndasýning |
| 100.000 kr. | <b>Pétur Jónsson</b><br>Selskap - ljósmyndasýning                                                           |
| 100.000 kr. | <b>Húsfreyjur á Vatnsnesi</b><br>Örnefnaskilti við Hamarsrétt                                               |
| 100.000 kr. | <b>Álfaklettur ehf</b><br>Culture tasting in Skagafjörður – viðburðir f. erl. ferðamenn                     |
| 100.000 kr. | <b>Ferðaþjónustan Hólum</b><br>Í fótspor Guðmundar góða – gönguferðir með leiðsögn                          |
| 100.000 kr. | <b>Landnám Ingimundar gamla</b><br>Námskeið um tvísöng og kvæðahefðina í Vatnsdal                           |

## Stofn- og rekstrarstyrkir 2012

Menningarráð Norðurlands vestra auglýsti eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki fyrir árið 2012, með umsóknarfresti til 24. sept.sl. Alls bárust 17 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 30 milljónum króna í styrki.

Á fundi sínum, 9. október sl., úthlutaði menningarráðið styrkjum til átta aðila, alls að upphæð 10,3 milljónum. Eftirtaldir aðilar fengu styrk:

|               |                                                           |
|---------------|-----------------------------------------------------------|
| 2.300.000 kr. | <b>Samgönguminjasafn Skagafjarðar</b>                     |
| 2.000.000 kr. | <b>Spákonuhof, Skagaströnd</b>                            |
| 2.000.000 kr. | <b>Selasetur Íslands, Hvammstanga</b>                     |
| 1.500.000 kr. | <b>Textílsetur Íslands, Blönduósi</b>                     |
| 1.000.000 kr. | <b>Kakalaskáli ehf., Skagafirði</b>                       |
| 500.000 kr.   | <b>Grettistak ses., Húnaþingi vestra</b>                  |
| 500.000 kr.   | <b>Félag áhugamanna um uppbyggingu Riishúss, Borðeyri</b> |
| 500.000 kr.   | <b>Nes listamiðstöð ehf., Skagaströnd</b>                 |

## Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra var á árinu 2012 starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og er eitt tíu Heilbrigðiseftirlitssvæða á landinu.

Skipan sveitarfélaga sem standa að rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra breyttist að því leyti að þeim fækkaði um eitt frá árinu á undan, þar sem Bæjarhreppur sameinaðist nágrönnum sínum í Húnpingi vestra

Verkefni Heilbrigðiseftirlitsins voru með svipuðu sniði á árinu 2012 og á fyrri árum og undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, sem breyttu reyndar um nafn og verkefnaskipan á árinu, þ.e. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis (ANR) og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR). Þeir þættir sem lúta yfirstjórn UAR eru einkum á sviði umhverfismála, hollustuhátta og öryggismála. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra fer með yfirstjórn matvælaþáttarins. Tvær ríkisstofnanir hafa yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins. Annars vegar Umhverfisstofnun (UST), sem heyrir undir Umhverfis og auðlindaráðherra og hins vegar Matvælastofnun (MAST), sem heyrir undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Framangreint skipulag hefur verið við lýði frá árinu 2008 þegar matvælasvið Umhverfisstofnunar var sameinað ýmsum öðrum stofnunum í Matvælastofnun.

Samstarf við Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hefur verið með ágætum og haldnir reglulega fundir um afmörkuð mál, t.d. um sameiginlega gagnagrunna og ýmis átaksverkefni, auk þess sem haldnir eru árlega haust- og vorfundir með UST og MAST og ráðuneytum þeirra. Leiðarljós haustfunda er yfirferð og fræðsla um afmörkuð verkefni sem eru á borðum heilbrigðiseftirlitanna á meðan vorfundirnir snúa í meira mæli að stefnumótun starfsins. Það kom í hlut Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra að sjá um skipulagningu vorfundarins árið 2012 og var hann haldinn á Siglufirði.

Á síðustu árum hefur það færst í aukana að ríkisstofnanirnar MAST og UST hafa sóst í verkefni sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa haft með höndum. Sjaldan fylgir mikill rökstuðningur fyrir tilflutningi verkefna frá sveitarfélögum yfir til ríkisins.

Fyrir ári síðan ákvað Umhverfisstofnun einhliða að eftirliti, sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft, með sorpurðunarstöðvum yrði framvegis sinnt af sérfræðingum sem kæmu alla leið úr Reykjavík. Sókn ríkisstofnana í verkefni hélt áfram á árinu 2012 en stofnunin beitti sér mjög fyrir því að efnavörueftirlit yrði flutt í meira mæli frá heilbrigðiseftirlitunum og til Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra sinnir enn sýnatöku og samantekt á niðurstöðum mengunarmælinga fyrir urðunarstaðinn Stekkjarvík. Sýnataka er í samræmi við þær kröfur sem birtast í starfsleyfi urðunarstaðarins. Fróðlegt verður ekki síst fyrir nágranna urðunarstaðarins að fylgjast með þeim breytingum sem verða á efnainnihaldi grunnvatnsins

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur átt í góðu samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins á Akureyri, þar sem eftirlitin hafa skipst á gagnlegum upplýsingum. Heilbrigðiseftirlitið hefur sömuleiðis sparað Vinnueftirlitinu sporin við eftirlit á minnstu vinnustaðina, t.d. ferðaþjónustu í dreifbýli.

Heilbrigðiseftirlitin tíu hafa með sér nána samvinnu á fjölmörgum sviðum en sem dæmi má nefna hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra unnið verkefni með Vestfirðingum á sviði



umhverfismála. Heilbrigðisfulltrúi frá Suðurlandi kom í heimsókn norður í Fjallabyggð og veitti leiðsögn varðandi starfsleyfisskilyrði og almennt má segja að heilbrigðiseftirlitssvæðin hafi verið boðin og búin við að miðla þekkingu sinna starfsmanna til annarra svæða. Ekki veitir af þar sem að verkefnin eru fjölþætt og geta verið flókin.

Á döfinni er að auka samstarfið enn frekar við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra með því að fara saman í eftirlit og að samræma kröfur og starfsleyfisskilyrði.

Sigurjón Þórðarson var áfram í stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða (SHÍ), sem er málsvari og tengiliður heilbrigðiseftirlitssvæðanna í málum sem varða heilbrigðiseftirlit í landinu. SHÍ eru m.a. í samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyti og stofnanir ríkisins, s.s. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. SHÍ beita sér fyrir samræmdum viðmiðum og vinnubrögðum heilbrigðiseftirlitssvæðanna, t.d. er varðar gjaldskrár og gildistíma starfsleyfa. Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi var í stjórn Heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og hefur m.a. í störfum sínum komið að útgáfumálum fyrir félagið.

## Heilbrigðisnefnd

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður ...“ Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Árið 2012 voru haldnir átta stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Á árinu voru samþykkt 79 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Ekki urðu teljandi breytingar á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á árinu, aðrar en að starfshlutfall Sigríðar Hjaltadóttur var aukið úr 60% og í 80% og eru þá hjá embættiinu eru rúmar tvær stöður heilbrigðisfulltrúa. Aðrir heilbrigðisfulltrúar voru Steinunn Hjartadóttir í hlutastarfi og Sigurjón Þórðarson í fullu starfi. Valur Þór Hilmarsson hefur síðan tekið að sér verkefnavinnu í Fjallabyggð á vegum Heilbrigðiseftirlitsins.

### Heilbrigðisnefnd skipa:

Arnrún Halla Arnórsdóttir, Skagafirði, formaður.

Elín Þorsteinsdóttir, Fjallabyggð, meðstjórnandi.

Guðrún Helgadóttir, Skagafirði, varaformaður.

Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, ritari.

Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Valgarður Hilmarsson, vararitari, Blönduósi.

Rekstur Heilbrigðiseftirlitsins gekk ágætlega á árinu 2012 og var reksturinn réttu megin við strikið. Rekstrarafgangur á árinu 2012 var 359 þúsund krónur og nam eigið fé um 939 þúsund krónum.

Hefðbundin verkefni Heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum. Þau felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan

framangreinda þætti, sem eru í föstum skorðum, koma inn á borð Heilbrigðiseftirlitsins fjölmörg verkefni, sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórna oft af því sem efst er á baugi hverju sinni.

## Mengun

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft eftirlit með mengun á starfssvæðinu. Eftirlitið og ekki síður sú umræða sem hefur verið um málaflokkunnar hefur skilað áþreifanlegum árangri í bættum mengunarvörnum. Vel heppnaðar aðgerðir í umhverfismálum skila fyrirtækjunum sjálfum fjáhagslegum ágóða, þar sem að mengunarvarnir fela gjarnan í sér bætta nýtni á orku og hráefnum, sem leiðir sjálfkrafa til minni útblásturs og úrgangslausunar.

Á árinu 2012 voru nokkur mál vegna lyktarmengunar áberandi á verkefnaskrá heilbrigðiseftirlitsins, en vandasamt getur verið að leysa úr þeim. Fyrir einum kann lykt sem fylgir matseld á sel að kitla bragðkirtlana svo að viðkomandi fái vatn í munninn á meðan nágranna kann að bjóða við nákvæmlega sömu lykt. Ekki er einfalt að setja mælikvarða á það hvað er vond lykt og hvað góð sömuleiðis ekki heldur hvað er mikil og hvað er lítil lykt.

Margóft bærast kvartanir vegna lyktar frá fiskþurrkun, sem staðsett var í nágrenni við bæði íbúabyggð og þjónustufyrirtæki, en með breyttum starfsháttum og bættum mengunarvörnum tókst að bæta svo úr að kvartanir vegna lyktar heyra nú næstum því sögunni til.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins (2000/60/EB) var innleidd með lögum nr. 36/2011 en lögin ná yfir straumvötn, stöðuvötn, árósa, strandsjó, grunnvatn og jökla.

Það er mat eftirlitsins að það sé nauðsynlegt að breyta núverandi stjórnkerfi vatnamála og skipta landinu í fjögur vatnsumdæmi. Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra nær inn á stjórn tveggja af fjórum vatnsumdæmum landsins.

Vandséð er á hverju skiptingin byggir þar sem vatnsumdæmin liggja þvert á vatnasvið, sýslumörk, sveitarfélög, samtarfsvettvanga sveitarfélaga í landinu, s.s. samtök sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlitssvæði.

Skipan stjórnkerfisins er með þeim hætti að Norðurland vestra er á sama svæði og Vestfirðir og að hluta til með Vesturlandi. Nærtækara væri að vinna þessa vinnu á grundvelli þeirrar skiptingar sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga starfa eftir, en þær fara að stórum hluta með eftirlit með mengun og vatnsgæðum í héraði. Ef svæðin hefðu eftir þá skiptingu þótt of mörg hefði mátt slá nokkrum heilbrigðisnefndum saman í skilgreind vatnasvæði t.d. vatnasvæði Höfuðborgar og Suðurlands.

Umhverfisstofnun tók saman drög að skýrslu um stöðu vatnasvæða á landsvísi, en niðurstöður á Norðurlandi vestra byggja að miklu leyti á samantekt á athugunum sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur tekið saman. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra í vatnasvæðanefnd er Sigríður Hjaltadóttir. Ein af þeim rannsóknunum sem nýttist við gerð skýrslunnar var rannsókn sem gerð var um síðustu aldamót af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Norðurlands vestra og Náttúrustofu Vestfjarða. Niðurstaða þeirrar vinnu var að neikvæð áhrif fráveitu frá minni sveitarfélögum við sjávarsíðuna á lífríkið, væru ekki teljandi. Í síðustu ársskýrslu var boðað að tímabært væri að gera sambærilega rannsókn á Norðurlandi vestra og gerð var í samstarfi við Náttúrustofu og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og var hafist handa við þá vinnu á árinu 2012.

Talsverður ávinningur er af samantekt Umhverfisstofnunar þar sem að hún er góð og þar af leiðandi grundvöllur fyrir frekari vinnu að stöðumati og úrbótum í málaflokknum.

Við ákvörðun á sýnatökum Heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2012 var fyrrgreint stöðumat haft til hliðsjónar og aflað frekari upplýsinga um mengunarálág strandsjávar. Afrakstur þeirrar sýnatöku má sjá í skýrslum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra [www.hnv.is](http://www.hnv.is) m.a. fráveita Fjallabyggð - sýnataka við fráveitur og baðstaði 2012.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur gert athugasemd við álagsgreiningu mengunar á vatnasvæðið á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, sem er að finna í skýrslu-drögunum, en hún er unninn úr fjölmörgum athugunum sem hafa verið unnar með ólík markmið í huga og sömuleiðis með ólíkum aðferðum. Stundum er um beinar mælingar í viðtaka að ræða og stundum er um framreikning að ræða á hvað sambærileg starfsemi mengar mikið. Til þess að gera umræðu um mengun strandsjávar markvissari er þarft setja upp vistfræðilegt flokkunarkerfi og skilgreina umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í strandsjó, en þau mörk, sem er að finna í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, eru sett fyrir ár og stöðuvötn.

Yfirleitt er þökkaleg sátt um þann starfsleyfisramma sem heilbrigðiseftirlitið setur fyrirtækjum og sömuleiðis er ríkur vilji hjá fyrirtækjum að halda sig innan rammans, þó svo vissulega þurfi stundum að ýta við hlutum. Ekki þarf að auglýsa öll starfsleyfi með það fyrir augum að almenningur geti gert athugasemd við starfsleyfi. Atvinnurekstur þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar er talinn upp á lista í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir atvinnurekstur þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar. Heilbrigðiseftirlitið fylgir þeirri reglu að nýta sér heimild til að auglýsa eftir athugasemdum við starfsleyfisskilyrði ef starfsemi er umfangsmikil eða minnsti grunur er um að starfssemi geti verið umdeild eða valdi ónæði.

#### Rannsóknarniðurstöður sýna fyrir árið 2012

|                                   | Alls | Í lagi | Ófullnægjandi |
|-----------------------------------|------|--------|---------------|
| Neysluvatn                        | 94   | 85     | 9             |
| Baðvatn                           | 19   | 17     | 2             |
| Matvæli                           | 14   | 13     | 1             |
| Frárennsli, sjór og yfirborðsvatn | 43   |        | Ekki metið    |

#### Matvælaeftirlit

Umfang eftirlits með neysluvatni er umtalsvert hjá Heilbrigðiseftirlitinu enda eru vatnsveitur fjölmargar, sem þarf að fylgjast með. Sömuleiðis er umtalsverð matvælaframleiðsla á Ólafsfirði, Siglufirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga sem krefst staðfestingar og vottunar á að vatnsveitur uppfylli skilyrði reglugerða og erlendra kaupenda.

Virkt eftirlit í matvælafyrirtækjum er mikilvægt til þess að tryggja öryggi matvæla. Almenn fræðsla fyrir starfsfólk í matvælafyrirtækjum skiptir ekki síður máli. Einn af þeim þáttum sem þarf að bæta er að tryggja þekkingu þeirra sem eru að hefja störf í matvælafyrirtækjum m.a. um innra eftirlit og áhættu sem ber að forðast.

Almennt er hreinlæti og ástand fyrirtækja gott en ekki veitir af eins og fyrr segir að tryggja þekkingu nýliða og hnykkja reglulega á endurmenntun starfsfólks.

Matarsjúkdómar eru samheiti yfir fjöldan allan af sýkingum og eitrunum sem geta borist með mat. Í flestum tilfellum er um að ræða smá kveisu sem hellist yfir fólk sem jafnar sig alla jafnan skjótt og það án nokkurrar meðhöndlunar. Sjaldnast hafa matarsjúkdómar alvarlegar afleiðingar, en hættan er helst fyrir þá sem glíma við önnur veikindi eða hafa veiklað ónæmiskerfi.

Í Bandaríkjunum er áætlað að sjötti hluti þjóðarinnar veikist árlega vegna matarsjúkdóma. Ef skoðaðar eru samantektir um staðfest tilfelli um matarsjúkdóma á Íslandi sem MATÍS tók saman árið 2008, fyrir árin 1997 til 2007 og tölfraði Landlæknisembættisins, þá má ætla að tíðnin sé lægri hérlandis, eða um nokkur hundruð staðfest tilfelli árlega á Íslandi og þar af má rekja hluta tilfellanna til smits sem upprunnið var erlendis. Ástæðan fyrir fáum skráðum tilfellum hérlandis er sú að það má ganga út frá því sem vísu að einungis lítið brot af matarsjúkdómum séu tilkynntir og þar af leiðandi skráðir. Ef um minniháttar magakveisu er um að ræða, sem er algengast, þá hristir hraust fólk hana af sér fljótlega og ekki er farið í mikla rannsóknarvinnu í framhaldinu. Sömuleiðis er erfitt að benda nákvæmlega á hver uppruni smits er þegar upp koma einstök tilvik, þó svo að vitað sé að smitið sé að öllum líkindum komið úr matvælum þarf að fara í kostnaðarsama rannsóknarvinnu til þess að hægt sé að fullyrða um orsakir veikinda og sjaldnast er lagt í hana.

Þegar um hópsýkingar er að ræða er oft auðveldara að benda á upprunann en á árinu 2012 kom upp hópsýking á Norðurlandi vestra þar sem að 25 manns kenndu sér meins eftir að hafa snætt sjávarrétti í veislu. Fólkíð veiktist af Cl. Perfringens en bakteríuna má finna víða í náttúrinni m.a. á grænmeti og kryddjurtum. Að öllum líkindum var ástæðan fyrir því Cl. Perfringens gróin náðu að spíra, of hæg kæling og geymsla á réttinum við of hátt hitastig, ásamt ónógri upphitun. Ein líkleg ástæða fyrir því að hlutirnir fóru úrskeiðis var að rétturinn var fluttur langa leið frá matreiðslustað til veislustaðar. Þeir 25 sem veiktust jöfnuðu sig flestir sem betur fer fljótt og vel.

Heilbrigðiseftirlitið fær sem betur fer ágætar ábendingar frá fólki um þætti sem það telur að betur megi fara hvað varðar matvæli og á það við um merkingar, aðskotaefni, aðskotadýr og meðferð matvæla. Ábendingarnar eru gríðarlega mikilvægar í því forvarnarstarfi sem heilbrigðisfulltrúar vinna.

## Efnavörueftirlit

Steinunn Hjartardóttir, heilbrigðisefnfulltrúi, hefur haft umsjón með efnavörueftirlitinu á Norðurlandi vestra. Á árinu 2012 var unnið að nýrri efnalöggjöf sem miðaði að því að koma á eftirliti með öllum þáttum efna á einn stað þ.e. til Umhverfisstofnunar.

Á meðan að óljóst var hvert hlutverk heilbrigðiseftirlitanna var í nýrri löggjöf var ákveðið að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra drægi úr þátttöku sinni í starfi efnavöruhóps Umhverfisstofnunar.

Nýrri efnalöggjöf fylgja breytingar fyrir heilbrigðiseftirlitið, en nú fækkar enn þeim stöðum sem haft er eftirlit með. Við gildistöku efnalaga var gerð breyting á lögum nr.7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir þannig að vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni og verslun



með fegrunar og snyrtiefni eru ekki lengur starfsleyfis skyldar og ber Heilbrigðisnefnd að fella starfsleyfin formlega úr gildi. Einnig eru í lögnum breytingar hvað varðar markaðssetningu snyrtivöru, sem gerir litlum framleiðendum næstum ókleift að setja vöru sína á markað. Eftirlitið færir frá reglubundnu eftirliti Heilbrigðiseftirlitsins og til stikkprufueftirlits Umhverfisstofnuna.

Sem dæmi um starfsemi sem fella ber starfsleyfið úr gildi hjá eru byggingavöruverslanir og apótek, en þar verður samt ennþá hollustuhátta- og matvælaeftirlit.

## Hollustuháttaeftirlit

Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með öryggismálum í skólum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almenn þrif og sótthreinsun sundlaugavatns, fóta-aðgerða- og tannlæknastofa, ástand stofnana sem almenningur sækir þjónustu til og heilbrigðisstofnana.

Talsvert er um að fólk óski eftir skoðun á lélegum íbúðum og sömuleiðis eftir ráðleggingum símleiðis um hvernig eigi að fást við sveppagróður í húsnæði.

Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi tók þátt í samræmingarstarfi á landsvísu með hollustuháttahöpi á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfarfélaga m.a. um nýja sundlaugareglugerð.

Á Norðurlandi vestra er fjöldi sund- og baðstaða alls 16. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur út hreinlætismál, fer yfir innra eftirlit og veitir sömuleiðis starfsfólki fræðslu.

Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel heima og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með sundstöðum. Í starfsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2011 var talsverð umræða um reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/210, sem tók gildi í upphafi þess árs. Vakið var máls á að krafan um að a.m.k. að tveir starfsmenn væu á vakt í sundlaug væri mjög íþyngjandi fyrir litlar laugar þar sem sundlaugargestir eru fáir t.d. í sundlauginni að Sólgröðum í Fljótum.

Minni laugar sóttu um undanþágu frá ákvæðinu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, frá því að reglugerðin tók gildi og var lagt til að settur væri meiri sveigjanleiki í reglugerðina fyrir minnstu sundlaugarnar.

Það var komið á móts við þessi sjónarmið með breytingum á umræddri reglugerð á árinu 2012, sem heimilar að einn starfsmaður geti séð samhliða um afgreiðslu og laugargæslu.

Rekstraraðili sem nýtir sér heimildina skal senda Heilbrigðiseftirlitinu upplýsingar um það fyrirkomulag sem haft er við laugargæslu og þann tíma sem heimildin er nýtt. Rétt er að vekja athygli á því að við útáfu eða endurskoðun á starfsleyfum skal skrá ef umrædd heimild er nýtt. Sveitarfélögin reka nær allar sundlaugar á Norðurlandi vestra og fylgir rekstri sundlauga mikil ábyrgð. Rekstraraðila sundlaugar ber að gera skriflega áætlun um öryggi gesta, sem á að fela í sér áhættumat og áætlun um forvarnir. Gerð er krafa til skýrra merkinga og þjálfunar starfsfólks og á það ekki síður við um afleysingafólk á sumrin.

Á sumrin kemur til starfa í sundlaugunum fjöldi af ungu fólki til afleysinga á sama tíma og gestafjöldi fer vaxandi. Það er því afar mikilvægt að fólk sem kemur til afleysingastarfa í sundlaugum fái bæði góða leiðsögn og fræðslu um hollustuhætti og öryggisþætti, en fastir starfsmenn lauganna.

## Lokaorð

Almennt bregðast forráðamenn fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi vestra fljótt og vel við athugasemdum Heilbrigðiseftirlitsins. Mér er ljúft að þakka fyrir þær góðu móttökur sem heilbrigisfulltrúar fá á starfssvæðinu sem og samskipti við sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra.

Júní 2013,

*Sigurjón Þórðarson*

*framkvæmdastjóri*

# Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra Ársreikningur 2012

# Efnisyfirlit

---

|                                                          | Bls. |
|----------------------------------------------------------|------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3    |
| Áritun óháðs endurskoðanda .....                         | 4    |
| Rekstrarreikningur .....                                 | 5    |
| Efnahagsreikningur .....                                 | 6    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                                | 7    |
| Skýringar .....                                          | 8    |



# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 7.379 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 53.589 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 24. maí 2013

Stjórn:

Pjónni Jon  
Læti Örn Þórður  
Þóra Örnisdóttir  
Zeyt, þú Bragan  
Hammastanga.

Framkvæmdastjóri:

Jón Óskar Pétursson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 24. maí 2013

**KPMG ehf.**



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2012 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 24. maí 2013



# Rekstrarreikningur árið 2012

|                                                   | Skýr. | 2012              | Áætlun            | 2011              |
|---------------------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                            |       |                   |                   |                   |
| Jöfnunarsjóður .....                              |       | 24.210.696        | 18.300.000        | 19.440.310        |
| Framlag vegna almenningssamgangna .....           |       | 20.450.256        | 0                 | 0                 |
| Aðrar tekjur .....                                |       | 14.157.311        | 11.363.132        | 12.595.065        |
|                                                   |       | <u>58.818.263</u> | <u>29.663.132</u> | <u>32.035.375</u> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                             |       |                   |                   |                   |
| Laun og annar starfsmannakostnaður .....          | 2     | 14.287.523        | 12.533.988        | 12.336.980        |
| Kostnaður vegna almenningssamgangna .....         |       | 19.430.893        | 0                 | 0                 |
| Stjórnunarkostnaður .....                         |       | 19.180.381        | 16.766.031        | 13.783.827        |
|                                                   |       | <u>52.898.797</u> | <u>29.300.019</u> | <u>26.120.807</u> |
| <b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b> ..... |       | 5.919.466         | 363.113           | 5.914.568         |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>           |       |                   |                   |                   |
| Vaxtatekjur .....                                 |       | 1.896.568         | 0                 | 1.549.148         |
| Fjármagnstekjuskattur .....                       |       | ( 379.301)        | 0                 | ( 309.820)        |
| Vaxtagjöld .....                                  |       | ( 57.606)         | 0                 | ( 58.434)         |
|                                                   |       | <u>1.459.661</u>  | <u>( 60.771)</u>  | <u>1.180.894</u>  |
| <b>Hagnaður ársins</b> .....                      | 4     | <u>7.379.127</u>  | <u>302.342</u>    | <u>7.095.462</u>  |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

|                                    | Skýr. | 2012                     | 2011                     |
|------------------------------------|-------|--------------------------|--------------------------|
| <b>Eignir</b>                      |       |                          |                          |
| Eignarhlutir í félögum .....       |       | 46.500                   | 46.500                   |
| Fastafjármunir samtals             |       | <u>46.500</u>            | <u>46.500</u>            |
| Krafa á tengda aðila .....         |       | 6.720.678                | 6.331.875                |
| Viðskiptakröfur .....              |       | 8.908.767                | 353.612                  |
| Aðrar kröfur .....                 |       | 32.808                   | 126.790                  |
| Handbært fé .....                  |       | 40.284.466               | 40.722.920               |
| Veltufjármunir samtals             |       | <u>55.946.719</u>        | <u>47.535.197</u>        |
| <b>Eignir samtals</b>              |       | <u><u>55.993.219</u></u> | <u><u>47.581.697</u></u> |
| <b>Eigið fé</b>                    |       |                          |                          |
| Eiginfjárreikningur .....          |       | 53.589.205               | 46.210.078               |
| Eigið fé samtals                   | 4     | <u>53.589.205</u>        | <u>46.210.078</u>        |
| <b>Skuldir</b>                     |       |                          |                          |
| Viðskiptaskuldir .....             |       | 64.643                   | 136.413                  |
| Aðrar skammtímaskuldir .....       |       | 2.339.371                | 1.235.206                |
| Skammtímaskuldir samtals           |       | <u>2.404.014</u>         | <u>1.371.619</u>         |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> |       | <u><u>55.993.219</u></u> | <u><u>47.581.697</u></u> |

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2012

|                                            | Skýr. | 2012       | 2011       |
|--------------------------------------------|-------|------------|------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                  |       |            |            |
| Hagnaður ársins .....                      | 4     | 7.379.127  | 7.095.462  |
| Veltufé frá rekstri                        |       | 7.379.127  | 7.095.462  |
| Breytingar rekstartengda eigna og skulda:  |       |            |            |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....     | (     | 8.849.976) | 1.242.192  |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....    |       | 1.032.395  | ( 57.385)  |
| Breytingar rekstartengdra eigna og skulda  | (     | 7.817.581) | 1.184.807  |
| Handbært fé (til) frá rekstri              | (     | 438.454)   | 8.280.269  |
| <b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b> | (     | 438.454)   | 8.280.269  |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>       |       | 40.722.920 | 32.442.651 |
| <b>Handbært fé í lok ársins .....</b>      |       | 40.284.466 | 40.722.920 |



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. **Innlausn tekna**  
Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.
- c. **Fjárhagsáætlun**  
Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2012 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.
- d. **Eignarhlutir í öðrum félögum**  
Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. SSNV á eignarhlut í Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra að fjárhæð 46.500 kr.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|                                  | 2012              | 2011              |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun .....                       | 8.777.561         | 7.775.275         |
| Stjórnarlaun .....               | 3.135.862         | 2.273.383         |
| Launatengd gjöld .....           | 2.370.795         | 2.089.952         |
| Annar starfsmannakostnaður ..... | 3.305             | 198.370           |
|                                  | <u>14.287.523</u> | <u>12.336.980</u> |

## 3. Skuldbindingar

Á árinu 2012 gerði félagið leigusamning um bifreiðina HR-J04. Samningurinn gildir til 15.1.2013. Mánaðarleg leigugreiðsla vegna samningsins nemur um 90 þús. kr.

## 4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                         | Samtals           |
|-------------------------|-------------------|
| Eigið fé 1.1.2012 ..... | 46.210.078        |
| Hagnaður ársins .....   | 7.379.127         |
| Staða 31.12.2012 .....  | <u>53.589.205</u> |

## Skýringar, frh.:

### 5. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

| <b>Rekstur:</b>                        | <b>2012</b> | <b>2011</b> | <b>2010</b> | <b>2009</b> | <b>2008</b> |
|----------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Rekstrartekjur .....                   | 58.818      | 32.035      | 28.175      | 26.528      | 28.484      |
| Rekstrargjöld án afskrifta .....       | ( 52.899)   | ( 26.121)   | ( 22.592)   | ( 21.990)   | ( 23.884)   |
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði .....     | 5.919       | 5.915       | 5.583       | 4.537       | 4.600       |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ..... | 1.460       | 1.181       | 1.505       | 2.707       | 2.606       |
| Hagnaður ársins .....                  | 7.379       | 7.095       | 7.088       | 7.245       | 7.206       |
| <b>Efnahagur:</b>                      |             |             |             |             |             |
| Eignarhlutur í félagi .....            | 47          | 47          | 47          | 0           | 0           |
| Skammtímakröfur .....                  | 15.662      | 6.812       | 8.054       | 8.210       | 461         |
| Handbært fé .....                      | 40.284      | 40.723      | 32.443      | 25.396      | 25.947      |
| Eignir samtals                         | 55.993      | 47.582      | 40.544      | 33.606      | 26.408      |
| Eigið fé .....                         | 53.589      | 46.210      | 39.115      | 32.026      | 24.782      |
| Skammtímaskuldir .....                 | 2.404       | 1.372       | 1.429       | 1.580       | 1.626       |
| Eigið fé og skuldir samtals            | 55.993      | 47.582      | 40.544      | 33.606      | 26.408      |
| <b>Kennitölur:</b>                     |             |             |             |             |             |
| Handbært fé (til) frá rekstri .....    | ( 438)      | 8.280       | 7.093       | ( 551)      | 6.863       |
| Veltufjárhlutfall .....                | 23,3        | 34,7        | 28,4        | 21,3        | 16,2        |
| Eiginfjárhlutfall .....                | 1,0         | 1,0         | 1,0         | 1,0         | 0,9         |

# Sundurliðanir

|                                           | 2012              | Áætlun            | 2011              |
|-------------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                    |                   |                   |                   |
| Jöfnunarsjóður .....                      | 24.210.696        | 18.300.000        | 19.440.310        |
| Framlag vegna almenningssamgangna .....   | 20.450.256        | 0                 | 0                 |
| Árgjald sveitarfélaga .....               | 1.204.338         | 1.211.132         | 1.234.204         |
| Þátttaka annarra í rekstri SSNV .....     | 10.302.973        | 9.352.000         | 10.109.355        |
| Árgjald v/Markaðsstofu ferðamála NV ..... | 2.650.000         | 800.000           | 0                 |
| Aðrar tekjur .....                        | 0                 | 0                 | 1.251.506         |
|                                           | <u>58.818.263</u> | <u>29.663.132</u> | <u>32.035.375</u> |

## Laun og annar starfsmannakostnaður:

|                                  |                   |                   |                   |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Laun .....                       | 8.777.561         | 8.112.000         | 7.775.275         |
| Laun stjórnar .....              | 3.135.862         | 2.200.653         | 2.273.383         |
| Mótframlag í lífeyrissjóð .....  | 1.052.478         | 892.129           | 857.816           |
| Tryggingagjald .....             | 1.161.502         | 979.204           | 1.099.454         |
| Sjúkra- og orlofssjóður .....    | 156.815           | 150.001           | 132.682           |
| Annar starfsmannakostnaður ..... | 3.305             | 200.001           | 198.370           |
|                                  | <u>14.287.523</u> | <u>12.533.988</u> | <u>12.336.980</u> |

## Annar rekstrarkostnaður:

|                                                 |                   |                   |                   |
|-------------------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Kostnaður v/Markaðsstofu ferðamála NV .....     | 3.650.000         | 0                 | 0                 |
| IPA verkefni .....                              | 1.737.202         | 3.000.124         | 0                 |
| Kostnaður v/sameiningarverkefni .....           | 0                 | 0                 | 1.264.298         |
| Kostnaður v/EFTA verkefni .....                 | 45.000            | 0                 | 538.099           |
| Dagpeningar .....                               | 1.157.117         | 750.001           | 456.925           |
| Endurgreiddur akstur .....                      | 1.044.576         | 900.000           | 1.179.507         |
| Bifreiðakostnaður .....                         | 2.172.857         | 2.241.201         | 2.351.210         |
| Húsaleiga .....                                 | 1.104.153         | 1.100.000         | 1.048.715         |
| Höfðabraut 6, sameign, ræsting og viðhald ..... | 317.004           | 331.968           | 319.200           |
| Bókhaldsaðstoð .....                            | 1.209.921         | 1.629.410         | 1.566.740         |
| Akeypt endurskoðun .....                        | 196.310           | 150.000           | 143.325           |
| Sérfræðiaðstoð .....                            | 580.880           | 200.000           | 111.000           |
| Netþjónusta .....                               | 1.450.244         | 1.380.000         | 1.297.716         |
| Rekstur tölvukerfis .....                       | 396.292           | 293.224           | 372.513           |
| Gjaldfærðir rekstrarfjármunir .....             | 327.096           | 500.000           | 183.020           |
| Sími .....                                      | 773.221           | 630.000           | 641.065           |
| Pappír, prentun og bréfabindi .....             | 219.079           | 659.661           | 537.065           |
| Póstburðargjöld .....                           | 127.376           | 140.000           | 104.671           |
| Auglýsingar .....                               | 390.331           | 250.000           | 411.644           |
| Fundir, námskeið og ferðakostnaður .....        | 1.204.645         | 1.310.001         | 811.385           |
| Fargjöld og dvalarkostnaður .....               | 567.145           | 900.001           | 144.924           |
| Ábyrgðartryggingar .....                        | 163.896           | 160.440           | 154.269           |
| Bækur, tímarit og blöð .....                    | 74.770            | 90.000            | 80.200            |
| Styrkir og framlög .....                        | 247.788           | 100.000           | 45.000            |
| Annar kostnaður .....                           | 23.478            | 50.000            | 21.336            |
|                                                 | <u>19.180.381</u> | <u>16.766.031</u> | <u>13.783.827</u> |

# SSNV atvinnuþróun

## Ársreikningur 2012

# Efnisyfirlit

---

|                                                          | Bls. |
|----------------------------------------------------------|------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3    |
| Áritun óháðs endurskoðanda .....                         | 4    |
| Rekstrarreikningur .....                                 | 5    |
| Efnahagsreikningur .....                                 | 6    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                                | 7    |
| Skýringar .....                                          | 8    |



# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið nefnist SSNV atvinnuþróun og er tilgangur þess að stuðla að vexti og framþróun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 1.211 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 28.678 þús. kr.

Stjórn SSNV atvinnuþróunar og framkvæmdarstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 24. maí 2013

Stjórn:

Bjarni Jón  
Lárusson  
Dóra Svendsdóttir  
Jóni st þín Bregdsson  
Jannakristinn

Framkvæmdastjóri:

Jón Óskar Pétursson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar SSNV atvinnuþróunar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV atvinnuþróunar hf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 24. maí 2013

**KPMG ehf.**



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV atvinnuþróunar höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2012 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 24. maí 2013



# Rekstrarreikningur árið 2012

|                                                        | Skýr. | 2012                | 2012<br>Áætlun    | 2011              |
|--------------------------------------------------------|-------|---------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                                 |       |                     |                   |                   |
| Árgjöld sveitarfélaga .....                            |       | 16.000.004          | 15.979.175        | 17.768.823        |
| Aðrar tekjur .....                                     |       | 19.186.299          | 19.435.830        | 19.949.777        |
|                                                        |       | <u>35.186.303</u>   | <u>35.415.005</u> | <u>37.718.600</u> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                                  |       |                     |                   |                   |
| Laun og annar starfsmannakostnaður .....               | 2     | 21.879.970          | 22.795.794        | 20.040.380        |
| Annar rekstrarkostnaður .....                          |       | 15.539.319          | 14.505.210        | 14.730.158        |
|                                                        |       | <u>37.419.289</u>   | <u>37.301.004</u> | <u>34.770.538</u> |
| <b>Rekstrar(tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði.....</b> |       | ( 2.232.986)        | ( 1.885.999)      | 2.948.062         |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>               |       |                     |                   |                   |
| Vaxtatekjur .....                                      |       | 1.328.499           | 0                 | 1.169.465         |
| Fjármagnstekjuskattur .....                            |       | ( 265.696)          | 0                 | ( 233.788)        |
| Vaxtagjöld .....                                       |       | ( 40.438)           | 0                 | ( 39.379)         |
|                                                        |       | <u>1.022.365</u>    | <u>2.009.970</u>  | <u>896.298</u>    |
| <b>(Tap) hagnaður ársins .....</b>                     |       | <u>( 1.210.621)</u> | <u>123.971</u>    | <u>3.844.360</u>  |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

|                                    | Skýr. | 2012              | 2011              |
|------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Eignir</b>                      |       |                   |                   |
| Viðskiptakröfur .....              |       | 0                 | 775.000           |
| Krafa á tengd félög .....          |       | 24.144            | 51.980            |
| Aðrar viðskiptakröfur .....        |       | 0                 | 2.550             |
| Handbært fé .....                  |       | 35.164.662        | 36.411.572        |
| Veltufjármunir samtals             |       | <u>35.188.806</u> | <u>37.241.102</u> |
